

Ársskýrsla SSA 2016



SSA - Ársskýrsla 2016, september 2017

Útgefandi: Samband sveitarfélaga á Austurlandi (SSA)

Umbrot: Ingunn Bráinsdóttir, Héraðsprenti

Prentun: Héraðsprent

Myndir: Sigrún Blöndal, Andrés Skúlason og Ingunn Bráinsdóttir

Efnisyfirlit

Dagskrá aðalfundar	4
Ávarp formanns	6
Skýrsla stjórnar	8
Fundargerð aðalfundar	13
Ársreikningur SSA 2016	31
Heiðursgestir á aðalfundi	42
Menningarverðlaun 2016	42



Fulltrúar á aðalfundi SSA sem haldinn var á Seyðisfirði 7. og 8. október 2016.

DAGSKRÁ AÐALFUNDAR SSA 2016

50. aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 7. og 8. október 2016

Fundarstaður: Herðubreið

Föstudagur 7. október 2016

Kl. 09:00	Skráning fulltrúa – afhending gagna	Herðubreið
Kl. 09:15	Fundarsetning Kosning fundarstjóra og ritara Kosning kjörbréfanefndar og nefndanefndar Skýrsla stjórnar SSA starfsárið 2015-2016 Reikningar SSA fyrir árið 2015, endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir árið 2016, fjárhagsáætlun fyrir árið 2017. Skýrslur stofnana er tengjast starfi SSA	Sigrún Blöndal, formaður stjórnar SSA Sigrún Blöndal, formaður stjórnar SSA Jóna Árný Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Austurbrúar Sjá heimasíðu SSA – www.ssa.is
Kl. 09:30	Ársskýrsla aðalfundar 2015 Fyrirspurnir og umræður	Liggur frammi á fundinum Ársskýrslu SSA fyrir 2015-2016 og fjárhagsgögnum vísað til nefnda.
Kl. 09:40	Tillögur frá stjórn og aðalfundarfulltrúum	Tillögum vísað til nefnda
Kl. 09:45	Málstofur - hópavinna · Stjórnsýsluleg staða landshlutasamtaka - Aukin verkefni <i>Innleiðing: Karl Björnsson, Samband íslenskra sveitarfélaga Hópstjóri: Sigrún Blöndal</i> · Almenningsamgöngur á Austurlandi – skipulag til framtíðar (tillaga) <i>Innleiðing: Páll Baldursson, Fjarðabyggð Hópstjóri: Arnbjörg Sveinsdóttir, Seyðisfjarðarkaupstaður</i> · Svæðisskipulag á Austurlandi og Hönnun áfangastaðarins Austurlands <i>Innleiðing: Andrés Skúlason, Djúpvogshreppur María Hjálmarsdóttir, Austurbrú Hópstjóri: Elfa Hlín Pétursdóttir, Seyðisfjarðarkaupstaður</i> · Uppbygging þekkingarsamfélags á Austurlandi (tillaga) <i>Innleiðing: Jón Þórðarson, Borgarfjarðarhreppur Hópstjóri: Eydís Ásbjörnsdóttir, Fjarðabyggð</i>	
Kl. 11:30	Hádegisverður og tengslanet	
Kl. 12:30	Kynning á niðurstöðum málstofa · Stjórnsýsluleg staða landshlutasamtaka - Aukin verkefni: Sigrún Blöndal · Almenningsamgöngur á Austurlandi – skipulag til framtíðar: Arnbjörg Sveinsdóttir · Svæðisskipulag á Austurlandi og Hönnun áfangastaðarins Austurlands: Sif Hauksdóttir · Uppbygging þekkingarsamfélags á Austurlandi: Eydís Ásbjörnsdóttir	

- Kl. 13:30 **Ávörp**
SSA 50 ára – Litið til baka:
Smári Geirsson
SSA 50 ára – Horft til framtíðar:
Sigrún Blöndal
Kristján Þór Júlíusson, heilbrigðisráðherra
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson,
1. þingmaður NA-kjördæmis
Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands
Íslenskra sveitarfélaga
- Kl. 14:45 **Álit kjörbréfanefndar og nefndanefndar**
Kl. 14:50 **Fundi frestað - Nefndastörf**
Byggða- og atvinnumálanefnd
Mennta- og menningarmálanefnd
Umhverfis- og samgöngunefnd
Allsherjar- og samstarfsnefnd
Fjárhagsnefnd
Kjörnefnd
- Kl. 17:45 **Nefndarstörfum frestað**
Kl. 18:05 **Óvissuferð í boði Seyðisfjarðarkaupstaðar**
Kl. 20:30 **Hátíðarkvöldverður**
Dagskrá í boði heimamanna.
Meðal dagskrárliða eru afhending
Menningarverðlauna SSA 2016 og
ávarp heiðursgests SSA 2016.

Laugardagur 8. október 2016

- Kl. 09:00 **Afgreiðslur mála**
Ársreikningur 2015
Endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir árið 2016
Fjárhagsáætlun fyrir árið 2017
Nefndaálit og tillögur
Kosningar samkvæmt samþykktum SSA
- Kl. 12:00 **Kjörnefnd: Stjórn SSA, samgöngunefnd,**
Kl. 12:45 **stjórn Atvinnuþróunarsjóðs, stjórn HAUST,**
skoðunarmenn, endurskoðunarfyritæki,
Héraðsskjalasafn Austurlands, Minjaráð
Áætluð fundarlok – Myndataka/Hádegisverður
Fyrsti fundur nýkjörinnar stjórnar SSA

Ávarp formanns

Ráðherra, þingmenn, sveitarstjórnarfolk, góðir gestir. Ég býð ykkur velkomin á fimmtugasta aðalfund Sambands sveitarfélaga á Austurlandi hér á Seyðisfirði. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan þáverandi um helmingur sveitarfélaga á Austurlandi – 17 að meðtöldum 3 hreppum á Hafnarsvæðinu héldu stofnfund sinn í Neskaupstað árið 1966. Daginn fyrir stofnfundinn birtist grein í Austurlandi þar sem sagði m.a.:

„Víst er um það, að samtök þessi þurfa ekki að vera á hrakhólum með verkefni. Ef þau lognast út af verður það af einhverjum öðrum ástæðum en verkefnaskorti. En framtíð þeirra er vissulega undir því komin, að sveitarstjórnarmenn skilji nauðsyn þeirra og að þeim lærist að beita þeim til sóknar og varnar í þágu sveitarfélaganna. Öll sveitarfélög landsins hafa margvíslegra sameiginlegra hagsmuna að gæta, ekki síst gagnvart löggjafarvaldinu í landinu og á mörgum sviðum öðrum. Hagsmuna sveitarfélaganna er því betur gætt sem þau koma fram í stærri heildum“. (Tilvitnun í Samstarf á Austurlandi eftir Smára Geirsson).

Þessi orð gætu hafa verið skrifuð í gær, svo nærri raunveruleika dagsins eru þau. Verkefni sveitarfélaganna hafa aukist mjög og landshlutasamtök á borð við SSA sinna margvíslegu hlutverki í því að tala máli sveitarfélaganna við framkvæmdavald, löggjafarvald og stofnanir á ýmsum sviðum. Ég mun ekki rekja sögu SSA því hún er ykkur mörgum vel kunn og Smári Geirsson, manna fróðastur um efnið, mun flytja erindi síðar í dag þar sem hann fer yfir þætti úr sögu Sambandsins. Sömuleiðis verður fjallað sérstaklega um það sem framundan er og hvað við sjáum fyrir okkur varðandi starfsemi SSA.

Lengi hefur verið kallað eftir skýrri byggðastefnu af hálfu stjórnvalda. Undanfarna mánuði hefur staðið yfir vinna við nýja byggðaaætlun sem kynna á í haust. Hluti af þeirri vinnu hafa verið fundir í landshlutum með fulltrúum ráðuneyta og Byggðastofnunar, sviðsmyndagreiningu og Byggðaþing. Umræðan er alltaf af hinu góða – en nú bíðum við eftir því hvort hugur fylgir máli og framkvæmt verði í samræmi við þær tillögur sem fram koma úr vinnunni. Nokkur meginstef koma fram í sviðsmyndagreiningu Framtíðarseturs; þar á meðal ákall um að fjárveitingar þurfi að fylgja þegar verkefni eru sett af stað og vaxandi þungi er í umræðu um stærð og rekstrarhæfi sveitarfélaga og möguleikum þeirra til að sinna þeim verkefnum sem þeim eru ætluð, fjárhagslega og faglega.

„Við höfum vanmetið í gegnum tíðina að Ísland er í samkeppni við önnurlöndeneinblínt á innbyrðiskeppni milli svæða um mannauð og búsetu“. Þetta er tilvitnun í viðmælanda Framtíðarseturs í greiningunni. Og þetta tel ég að eigi að vera okkur mikið umhugsunarefni.



Sóknaráætlanir landshluta hafa verið unnar síðastliðin ár og nú er í gildi samningur um sóknaráætlun til 2019. Alþingi samþykkti þann 30. júní 2015 frumvarp til laga um byggðaaætlun og sóknaráætlanir en lögin fjalla um stöðu og innihald þessara áætlana, samspil þeirra

innbyrðis og tengsl við aðra opinbera áætlanagerð.

Með þessum lögum er í fyrsta sinn skilgreint hlutverk landshlutasamtaka sveitarfélaga er varða svæðisbundna áætlanagerð. Með þessum lögum er hugsunin að efla byggðaþróun og hinar svæðisbundnu þróunaráætlanir eru á ábyrgð heimamanna. Sóknaráætlun er þróunaráætlun landshlutans og felur í sér stöðumat landshlutans, framtíðarsýn og markmið til að ná fram þeirri framtíðarsýn. Gildi Austurlands í gildandi sóknaráætlun eru **KRAFTUR – FJÖLBREYTNÍ – SAMSTAÐA – SKÖPUN – GÆÐI** og þau ramma ágætlega inn aðstæður á starfsvæði SSA; það er mikill kraftur í atvinnulífi og mannlífi á Austurlandi eins og kannski endurspeglast í þeim atvinnugreinum sem eru mest ríkjandi á svæðinu. Fjölbreytni í íbúasamsetningu og umhverfi er mikil. Það þarf að vera samstaða til að hægt sé að koma málum áfram og ná árangri – og samstaðan hefur aukist á síðustu árum. Sköpun er mikilvægur þáttur til að samfélag geti þróast og aðlagast að breytingum og mikil vinna hefur verið lögð í uppbyggingu skapandi greina í landshlutanum. Síðast – en ekki síst eru næg gæði á Austurlandi sem hægt er að nýta í margvíslegum tilgangi: Nálægð við fiskimið, ræktarleg landbúnaðarsvæði, mikið framboð atvinnu og svo gæði mannlífsins eru grundvöllur þess að hér er gott að búa.

Gildin eru valin af samráðsvettvangnum sem er skipaður fólki af öllu Austurlandi, 25 – 30 manns. Vettvangurinn fundar einu sinni á ári og á þá að endurskoða áætlunina. Greindir eru styrkleikar, veikleikar, ógnanir og tækifæri. Í greiningu á tækifærum er ítrekað tiltekið að hrepparígur sé veikleiki og hamlandi þáttur. Og þá leyfi ég mér að varpa þeirri spurningu til ykkar og bið ykkur að íhuga vandlega: Hvernig getum við séð tækifærin í að standa saman og vinna sameiginlega að verkefnum til eflingar svæðisins í heild fremur en horfa til hreppamarka og takmarka hugsun okkar við þau? Þetta sáu menn fyrir 50 árum en við erum, að mínu mati, ekki komin nægilega langt í þeirri hugsun að hagsmunir svæðisins í heild eru hagsmunir okkar allra og stærri erum við

sterkari þegar við berjumst fyrir bættum samgöngum, heilbrigðisþjónustu, margvíslegum samningum við ríkisvaldið - og svo sem samfélag sem við viljum að vaxi og dafni.

Árið 2015 komu tæplega 72 milljónir kr. til Austurlands í gegnum sóknaráætlun; þar af fóru ríflega 45 milljónir kr. í Uppbyggingarsjóð Austurlands og 19,2 milljónir í áhersluverkefni „Menningarstarf á Austurlandi“ sem m.a. felur í sér starf menningarfulltrúa og „Markaðssetningu Egilsstaðafflugvallar sem alþjóðlegs flugvallar“. Áherslan 2016 hefur áfram verið á þessi verkefni en við bættist áhersluverkefnið „Gerð svæðisskipulags fyrir Austurland“. Hið síðastnefnda er komið af stað, verður rætt hér í einni málstofu og væntanlega enn meira á aðalfundi að ári.

Í tilefni 50 ára afmælis SSA var efnt til málþings í Neskaupstað síðastliðið vor þar sem umfjöllunarefnið var uppbygging þekkingarsamfélags á Austurlandi. Tilkynnt var um stofnun starfshóps sem á að skilgreina þrjú verkefni á þessu sviði sem ráðist verður í á næstu fimm árum. Þá var undirrituð viljayfirlýsing um myndun fagráðs starfshópinum til stuðnings. Aðilarnir sem stóðu að viljayfirlýsingunni eru Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Náttúrustofa Austurlands, Austurbrú og University of Highlands and Islands í Skotlandi. Fulltrúar úr starfshópnum, Jón Þórðarson og Sigurlaug Jónasdóttir og Einar Már Sigurðarson verða í einni málstofunni hér á eftir og munu þar ræða hugmyndir hópsins.

Formaður SSA var haustið 2015 tilnefndur sem annar tveggja fulltrúa sveitarfélaga í Stjórnstöð ferðamála en þar sitja að auki 4 ráðherrar og fulltrúar ferðaþjónustunnar. Margvíslegar áskoranir blasa við sveitarfélögum vegna fjölgunar ferðamanna og afar brýnt að sveitarfélögin fái auknar tekjur til að standa undir nauðsynlegri uppbyggingu innviða. Á vettvangi Stjórnstöðvarinnar hefur farið fram mikilvæg greiningarvinna sem m.a. felst í sviðsmyndagreiningu, úttekt og tillögur um fræðsluþörf og samræmingarvinna, sem því miður virtist full þörf á þrátt fyrir að ýmsir aðilar væru að vinna á þessum vettvangi. Nú hlýtur þó að vera komið að því að taka ákvarðanir m.a. um gjaldtökuleiðir sem t.d. varða sveitarfélögin. Nauðsynlegt er að þingmenn og sveitarstjórnarmenn ræði þessi mál en sú umræða getur ekki tekið endalausán tíma; sveitarfélögin geta ekki beðið eftir tekjunum endalaust.

Óhjákvæmilegt er að minnast á svokallað Sternumál og stöðu þess. Á árinu kom yfirlit matsmanns sem stefnendur höfðu kallað til. Niðurstaða hans gaf Fólki

og bílum ehf. ástæðu til að hækka skaðabótakröfu sína í 589 milljónir. Lögmaður SSA krafðist þess að matsmanni yrði gert að endurskoða og endurmeta matsgerð sína. Þessu var hafnað í Héraðsdómi og því hefur lögmaður okkar óskað eftir yfirmati. Málinu er því hvergi lokið og allsendis óvíst um niðurstöðu þess. SSA hefur fengið álit lögmanns Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi fjárhagslega ábyrgð sveitarfélaganna ef málið fer á versta veg. Niðurstaða hans er sú að stofnendur landshlutasamtaka beri ekki ábyrgð á kröfum sem beint er að samtökunum í dómsmáli. Hins vegar er gerður fyrirvari vegna mögulegrar ábyrgðar á eldri skuldbindingum s.s. lífeyrisskuldbindingum vegna starfsmanna landshlutasamtakanna – og það atriði kallar á sérstaka skoðun. Stjórn SSA beinir því til fjárhagsnefndar að kanna þessi mál sérstaklega á fundinum. Því miður bólar enn ekkert á lagafrumvarpi innanríkisráðherra um fólksflutninga en þar vænta landshlutasamtökin þess öll að styrkari stoðum verði skotið undir sérleyfi þeirra þannig að þau séu tryggð.

Ýmis verkefni, sem beint er til SSA, eru skv. samningi unnin af starfsmönnum Austurbrúar. Er þar t.a.m. öll umsýsla með Uppbyggingarsjóði, menningarmál og starfsmannahald þar sem verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála er starfsmaður Austurbrúar. Samstarf SSA og Austurbrúar er með ágætum en það er mikilvægt að landshlutasamtökin annars vegar, sem hinn pólitíski vettvangur og stoðstofnunin hins vegar, sem framkvæmdaaðili ýmissa verkefni, skipti með sér verkum þannig að ábyrgðin sé skýr á hvorum stað. Í kjölfar kosninga munu fulltrúar SSA fara og kynna ályktanir aðalfundar fyrir þingmönnum og þeim stofnunum sem nauðsyn þykir að upplýsa. Einnig þarf að brýna þingmenn í að tryggja fjármagn til þeirra verkefna sem eru í fullum gangi, s.s. samningum um sóknaráætlun.

Þegar aðalfundur SSA var síðast haldinn á Seyðisfirði árið 2009 var samþykkt ályktun sem þótti brjóta blað en hún fjallaði um vilja sveitarfélaga til að sameinast í eitt stórt sveitarfélag. Eftir á dró úr áhuga fólks á að láta hugmyndina verða að veruleika og ekkert hefur breyst í ytra umhverfi okkar síðan þá. Hver veit hvað leynist í sjávarloftinu á Seyðisfirði...

Það er von mín að störf fulltrúa á þessum aðalfundi markist af samstarfsvilja og áhuga á hagsmunum Austurlands umfram allt.

Ég bið Lárus Bjarnason og Hildi Þórðardóttur að taka við fundarstjórn og segi þennan 50. aðalfund Sambands sveitarfélaga á Austurlandi settan.

Skýrsla stjórnar

Starfsárið 2016 - 2017

Til 51. aðalfundar SSA 29. - 30. september 2017

Aðalfundur 2016:

Á 50. aðalfundi SSA sem haldinn var á Seyðisfirði dagana 7. og 8. október 2016 voru eftirtaldir kosnir í stjórn SSA starfsárið 2016-2017:

Aðalmenn:

Andrés Skúlason
Gunnar Jónsson
Hákon Hansson
Jón Björn Hákonarson
Margrét Guðjónsdóttir
Sigrún Blöndal
Stefán Grímur Rafnsson

Varamenn:

Sóley Dögg Birgisdóttir
Gunnþórunn Ingólfssdóttir
Svandís Ingólfssdóttir
Eydís Ásbjörnsdóttir
Jakob Sigurðsson
Stefán Bogi Sveinsson
Eyjólfur Sigurðsson

Á fyrsta fundi stjórnar var Sigrún Blöndal kjörin formaður, fyrsti varaformaður Jón Björn Hákonarson og annar varaformaður Stefán Grímur Rafnsson. Eiga þau því samhlíða sæti í framkvæmdaráði stjórnar SSA.

Ein nefnd starfar á vegum SSA milli aðalfunda. Átta manna nefnd um samgöngumál þar sem fulltrúar koma frá öllum sveitarfélögum á Austurlandi. Finna má upplýsingar um fulltrúa í nefndinni ásamt samþykktum hennar inn á heimasíðu SSA – www.ssa.is.

Eins og komið hefur fram var aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði. Líkt og á fyrri fundum var fjallað um hin ýmsu mál sem snerta landshlutann í heild.

Stjórnar- og framkvæmdaráðsfundir

Á milli aðalfunda 2016-2017 sem skýrsla þessi tekur yfir og telst starfsár sambandsins voru haldnir alls 14 stjórnarfundir og 10 framkvæmdaráðsfundir. Fundirnir voru ýmist haldnir á Egilsstöðum eða Reyðarfirði, utan tveir sem haldnir voru á Vopnafirði og á Seyðisfirði. Auk þess hittist stjórnin á vinnufundi á Breiðdalsvík í tengslum við aðalfund. Starf stjórnar var hefðbundið og líkt og fyrri ár snerta verkefni stjórnarinnar flesta þætti samfélagsins í fjórðungnum.

Samþykktir aðalfundar tóku á þeim málum sem fulltrúar á fundinum telja mikilvæg landshlutanum þannig að gott mannlíf geti blómstrað. Fundargerðir stjórnar og ályktanir aðalfundar sem og samþykktir samgöngunefndar má finna inn á heimasíðu SSA.

Starfsmannahald á skrifstofu

Skrifstofa sambandsins er í húsakynnum Austurbrúar að Vonarlandi á Egilsstöðum. Bókhald SSA er unnið af fjármálasviði Austurbrúar og Skrifstofuþjónustu Austurlands, endurskoðunarfyrtækið Deloitte á Egilsstöðum sinnir skoðun reikninga út þetta starfsár. Verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála á skrifstofu SSA hefur sinnt daglegum verkefnum á vegum sambandsins í samráði við stjórn SSA. Starfsemin er margþætt, má þar nefna umsagnir um frumvörp sem lögð eru fram á Alþingi, vinnu við sóknaráætlun landshluta, samskipti við önnur landshlutasamtök, samskipti við starfsmenn Stjórnarráðsins, sveitarstjórnarmenn á starfssvæði SSA, starfsmenn Austurbrúar og íbúa Austurlands, auk þess sem SSA heldur utan um rekstur almenningssamgangna á Austurlandi í samstarfi við Austurbrú. Þá hófst á árinu 2016 vinna við áhersluverkefni sóknaráætlunar, Svæðisskipulag Austurlands, sem SSA heldur utan um. Þær breytingar urðu á árinu að verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála, Björg Björnsdóttir sagði upp störfum í lok júní. Stjórn fól formanni að sinna daglegum verkefnum þar til tekin yrði ákvörðun um fyrirkomulag stjórnunar SSA og samvinnu við Austurbrú.

SSA og Austurbrú

Eins og fram kom hér að ofan sinnir Austurbrú margvíslegum verkefnum fyrir SSA. Þar fer umsýsla með Uppbyggingarsjóði fram auk þess sem áhersluverkefni Sóknaráætlunar eru sum hver unnin af Austurbrú samkvæmt samningi. Ljóst er að það fyrirkomulag sem hefur verið á samskiptum SSA og Austurbrúar, varðandi rekstur skrifstofu SSA, virkarekki sem skyldi. Stjórn ákvað í sumar að framkvæmdaráð kallaði til formann Starfsháttanefndar Austurbrúar og færi yfir stjórn skipulag SSA með það fyrir augum að gera það einfaldara og skýra samlegð þessarra tveggja aðila. Tillögur um fyrirkomulagið verða lagðar fyrir aðalfund 2017 til afgreiðslu.



Samskipti við þingmenn

Samskipti við þingmenn kjördæmisins eru regluleg, bæði með formlegum og óformlegum hætti. Landshlutasamtökin eru þannig byggð upp að samskipti milli kjörinna fulltrúa á Alþingi og stjórnarmanna sambandsins eru mjög regluleg. Þingmenn halda kjördæmafundi sem skipulagðir eru af SSA. Þar koma til fundar við þingmenn sveitarstjórnarfólk, framkvæmdastjórar helstu stofnana landshlutans og stjórnarmenn SSA. Formaður og verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála áttu fundi með ráðuneytum, ráðherrum, fjárlaganefnd, þingmönnum kjördæmisins og forsvarsmönnum ýmissa stofnana þar sem farið var yfir samþykktir aðalfundar SSA og önnur þau mál sem stjórn SSA taldi mikilvægt að ræða við viðkomandi aðila. Þeir fundir fóru fram vonum seinna vegna alþingiskosninga í október 2016 og vegna þess langa tíma sem það tók að mynda nýja ríkisstjórn. Svo virðist sem ný lög um opinber fjármál kunni að þýða einhverjar breytingar á því hvaða leiðir landshlutasamtökin, og raunar sveitarfélögin, hafa til að koma sjónarmiðum sínum og baráttumálum á framfæri. Þeim er í auknum mæli bent á að leita til embættismanna ráðuneyta sem þó virðast ekki að öllu leyti reiðubúnir til þess að taka á móti þeim.

Samband íslenskra sveitarfélaga

Sambands íslenskra sveitarfélaga gengst fyrir fundum og ráðstefnum sem fulltrúar SSA sækja eftir því sem við á. Þó eru ákveðnar ráðstefnur sem fulltrúar sambandsins sækja árlega, s.s. fjármálaráðstefna og landsþing þau ár sem það er haldið. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur aukið þjónustu sína við sveitarfélögin jafnt og þétt og er þjónusta þess landshlutasamtökum mikilvæg. Starfsmenn þess, sérstaklega á lögfræðisviði, hafa veitt ráðgjöf og aðstoð í ýmsum málum m.a. í dómsmálinu sem SSA á í vegna almenningsgangna. Formaður SSA situr sem í Stjórnstöð ferðamála, sem annar af tveimur fulltrúum sveitarfélaganna á þeim vettvangi og mætir að jafnaði á fundi þar einu sinni í mánuði.

Landshlutasamtök sveitarfélaga

Starf landshlutasamtaka sveitarfélaga byggir tilveru sína á ákvæði 97. gr. sveitarstjórnarlaga nr.138/2011 þar sem segir:

„Sveitarfélögum er heimilt að starfa saman innan staðbundinna landshlutasamtaka sveitarfélaga er vinni að sameiginlegum hagsmunamálum sveitarfélaganna í hverjum landshluta. Starfssvæði landshlutasamtaka fer eftir ákvörðun aðildarsveitarfélaga sem staðfest hefur verið af ráðuneytinu. Landshlutasamtök skulu þó aldrei vera fleiri en átta á landinu öllu. Sveitarfélög sem liggja innan starfssvæðis landshlutasamtaka eiga rétt á aðild að þeim. Ráðuneytiogopinberarstofnanirskuluávalltleita umsagnar hlutaðeigandi landshlutasamtaka um stefnumótun eða ákvarðanir sem varða viðkomandi landsvæði sérstaklega. Landshlutasamtök geta með samningum eða samkvæmt heimildum í sérlögum tekið að sér verkefni eða aðra starfsemi sem tengist hlutverki þeirra skv. 1. mgr., svo sem verkefni tengd byggðaðþróun eða öðrum sameiginlegum hagsmunum sveitarfélaga.“

Samskipti milli starfsmanna landshlutasamtakanna eru sífelld að aukast enda hefur verkefnum sem samtökin koma að fjölgað í gegnum árin. Þar má nefna samninga um sóknaráætlun og almenningsgangur sem er mikið hagsmunamál fyrir landsbyggðina og mikilvægt að gæta hagsmuna landshlutasamtakanna gagnvart ríkisvaldinu bæði á fjárhagslegu sviði og lagalegu. Töluverð vinna var við stefnumótandi byggðaaáætlun fyrir árin 2017-2023 á starfsárinu en þar að auki koma landshlutasamtökin að vinnu við samgöngu- og fjarskiptaáætlun fyrir árin 2015-2026. Þannig var vinna við Ísland ljósvætt 2020 áberandi á starfsárinu.

Skipting fjármuna frá ríkisvaldinu til verkefna í landshlutanum er eitt af viðfangsefnum landshlutasamtakanna. Fulltrúar SSA hafa lagt ríka áherslu á að við skiptingu fjármagns sé tekið tillit til mismunandi aðstæðna landshlutanna, svo sem hvað varðar fjarlægð og þéttleika byggðar.

Haldnir eru þrjú reglulegir fundir ár hvert þar sem farið er yfir mál sem bera hæst í landshlutunum; haustfundur, vorfundur og sumarfundur. Að þessu sinni var sumarfundurinn haldinn á vegum Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) í Kópavogi þar sem formaður stjórnar og

framkvæmdastjóri SSH voru gestgjafar. Þar fyrir utan stóðu landshlutasamtökin, að frumkvæði formanns stjórnar SSA, fyrir sameiginlegum fundi 19. janúar 2017 með formönnum/fulltrúum allra stjórnmalaflokka á þingi þar sem farið var yfir helstu málsvið landshlutasamtakanna.

SSA tekur nú þátt í sveitarstjórnarvettvangi EFTA, ásamt fulltrúum SSS, SASS, Eypings og Sambands íslenskra sveitarfélaga auk fulltrúum sveitarfélaga í Noregi og Sviss. Formaður hefur sótt fundi vettvangsins í Brussel og Skien í Noregi. Ályktanir vettvangsins eru sendar stjórnvöldum EES-ríkjanna og stofnunum EFTA og ESB og hafa meðal annars fjallað um deiliahagkerfið, útgöngu Breta úr Evrópusambandinu og málefni innflytjenda.

50 ára afmæli SSA

Aðalfundur SSA á Seyðisfirði markaðist nokkuð af því að 8. október 2016 voru nákvæmlega 50 ár liðin frá stofnun landshlutasamtakanna. Stofnfundur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi var haldinn í Egilsbúð í Neskaupstað dagana 8. – 9. október 1966. Þar var samþykkt að stofna til samtaka austfirskra sveitarfélaga en alls sóttu fundinn 28 fulltrúar frá 15 sveitarfélögum. Þá voru einnig samþykkt lög fyrir SSA þar sem fram kemur að markmið sambandsins skuli vera að vinna að hagsmunum sveitarfélaganna, einkum í atvinnu-, efnahags-, mennta-, skipulags-, samgöngu- og félagsmálum. Í dag eiga öll átta sveitarfélögin á starfssvæði SSA, frá Djúpvavogi í suðri til Vopnafjarðar í norðri, aðild að landshlutasamtökunum.

HELSTU VERKEFNI SSA Á STARFSÁRINU

Samningur um sóknaráætlun

Stjórn SSA vann að framkvæmd samnings um sóknaráætlun 2015-2019 á starfsárinu. Úthlutað var úr Uppbyggingarsjóði Austurlands í ársbyrjun 2017, skilgreind voru áhersluverkefni fyrir landshlutann á árinu 2017 og sóknaráætlunin, þróunaráætlun Austurlands, var endurskoðuð. Boðað var til þriggja opinna íbúafunda sem voru vel sóttir en endurskoðun sóknaráætlunarinnar var endanlega í höndum fulltrúa í samráðsvettvangi. Fjölgað var úr 26 fulltrúum í 54 í samráðsvettvanginum. Náið samstarf hefur verið við stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál auk þess sem verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála sat fundi stýrihópsins sem fulltrúi landshlutasamtaka fram í janúar 2017. SSA hefur miklar áhyggjur af fjármögnun samningsins og óvissu um framlög. Um mitt ár var tilkynnt að 100 milljónum yrði úthlutað til viðbótar í samninginn; þar af komu 12,9 milljónir í hlut Austurlands. Nú er verið að gera samninga varðandi þau áhersluverkefni sem hægt er að ráðast í vegna þess. Brýnt er að tryggja verulega aukið fjármagn til samningsins svo unnt sé hinda í framkvæmd markmiðum hans.

Svæðisskipulag Austurlands

Eitt áhersluverkefna sóknaráætlunar á árunum 2016 og 2017 var svæðisskipulag Austurlands. Í október 2016 var gengið frá ráðningu Skarphéðins Smára Þórhallssonar í starf verkefnisstjóra með svæðisskipulagi Austurlands. Á starfsárinu hélt svæðisskipulagsnefnd 5 fundi, gengið var frá starfsreglum nefndarinnar og þær sendar til samþykktar hjá sveitarfélögum á Austurlandi. Þegar samþykki lá fyrir, fóru starfsreglurnar til staðfestingar hjá Skipulagsstofnun þar sem þær voru samþykktar. Brýnt er að stofnunin greiði götu svo viðamikilla verkefna og skýrar starfsreglur séu um úthlutanir fjármuna úr Skipulagssjóði.

SSA stóð á vordögum 2016 fyrir afmælimálþingi í Egilsbúð um uppbyggingu þekkingarsamfélags á Austurlandi. Í lok málþingsins var tilkynnt um stofnun þriggja manna starfshóps sem hafði það verkefni að skilgreina þrjú verkefni á þessu sviði sem ráðist verði í innan fimm ára. Starfshópurinn skipuðu þau Einar Már Sigurðarson (Fjarðabyggð), Jón Þórðarson (Borgarfirði eystra) og Sigurlaug Jónasdóttir (Fljótisdalshéraði). Starfshópurinn kynnti tillögur sínar á aðalfundi SSA á Seyðisfirði og voru þær samþykktar. Ætlunin var að á árinu 2017 yrði eitt af áhersluverkefnum sóknaráætlunar efling þekkingarsamfélags á Austurlandi en vegna þess hve seint var tilkynnt um aukið fjármagn hefur það verkefni ekki verið sett af stað.

Brothættar byggðir

SSA á fulltrúa í verkefnisstjórn „Brothættra byggða“ sem fjallar um málefni Breiðdalshrepps. Verkefnið er leitt af Byggðastofnun og voru reglulegir fundir haldnir í verkefnastjórninni.

Samgöngunefnd SSA

Samgöngunefnd hélt fimm fundi á árinu. Á þeim fundum er farið yfir verkefni sem brýn eru í samgöngumálum. Sú nýbreytni var tekin upp að nefndin valdi sér þrjú áherslumál til að skoða sérstaklega; millilandaflug um Egilsstaðaflugvöll, innanlandsflug (verðlagning, almenningssamgöngur) og ljósleiðaravæðing Austurlands. Gestir samgöngunefndar voru m.a. fulltrúar Vegagerðarinnar, verkefnisstjóri svæðisskipulags Austurlands, nefndarmaður í umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, fulltrúar Flugfélags Íslands og grasrötarhóps íbúa um verðlagningu innanlandsflugs og verkefnisstjóri Austurbrúar um eflingu Egilsstaðaflugvallar fyrir millilandaflug.

Almenningssamgöngur á Austurlandi

Skipulag og rekstur almenningssamgangna á Austurlandi heyrir undir starfssvið SSA og er í höndum verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála. Góðar almenn-



ingssamgöngur eru mikilvægur þáttur í eflingu byggðar, þar sem fólk getur ferðast milli staða/landshluta með heildstæðu skipulögðu kerfi. Ef svo mikilvægt verkefni á að vera á ábyrgð landshlutasamtakanna verður hið opinbera að tryggja lagaumhverfi sem og nauðsynlegt fjármagn þannig að hægt sé að koma á fót heildstæðu kerfi og rekstri almenningsamgangna um hinar dreifðari byggðir landsins. SSA stendur í málaferlum í tengslum við rekstur almenningsamgangna á Austurlandi, sem ekki sér fyrir endann á. Nú á haustdögum var lögð fram matsgerð yfirmatsmanna sem SSA óskaði eftir. Brýnt er að niðurstaða fáiast sem fyrst í þessu máli til að hægt sé að hefja markvissa vinnu við þróun leiðakerfis á svæðinu.

Tillaga starfshóps sem hafði það hlutverk að ræða um framtíðarfyrirkomulag almenningsamganga á Austurlandi var kynnt á aðalfundi SSA á Seyðisfirði og samþykkt að fela stjórn SSA að vinna að því að sveitarfélögin sameinuðust um rekstur þessa mikilvæga verkefnis. Niðurstaða stjórnar var að stofna til einkahlutafélags um reksturinn og voru Páll Björgvin Guðmundsson (formaður), Fjarðabyggð, Björn Ingimarsson, Fljótsdalshéraði og Björg Björnsdóttir (SSA) skipuð í stjórn. Stjórn SvAust ehf. fékk Viaplan til að vinna úttekt á stöðu almenningsamgangnakerfisins og mögulega framtíðarþróun þess. Í framhaldi af þeirri vinnu, var tillaga stjórnarinnar um aðkomu sveitarfélaga á Austurlandi að SvAust ehf. send sveitarfélögunum til umsagnar og afgreiðslu. Unnið hefur verið að þessu máli undanfarið og stjórn SvAust ehf. verið í viðræðum við aðila sem koma að akstrinum á svæðinu. Vonast er til að undirbúningsvinnu ljúki sem fyrst.

Samskipti SSA og HAUST (Heilbrigðiseftirlits Austurlands)

Sveitarfélögin standa að rekstri byggðasamlags um rekstur HAUST og skipa í heilbrigðisnefnd. Ítarlega ársskýrslu HAUST fyrir starfsárið 2016, má nálgast á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Austurlands - www.haust.is.

Atvinnuþróunarsjóður Austurlands

Í ljósi samþykpta sveitarfélaganna á starfssvæði SSA, sem eru eigendur sjóðsins, frá því í desember 2014 þar sem ákveðið var að tvöfalt árgjald sveitarfélaganna árin 2016, 2017 og 2018, rynni óskipt til annars vegar markaðssetningar Egilsstaðaflugvallar og hins vegar til fjárhagslegar endurskipulagningar Austurbrúar, var samþykkt á aðalfundi landshlutasamtakanna árið 2015 að fela stjórn SSA stjórn sjóðsins. Um leið voru stjórnarmenn í sjóðnum leystir frá störfum sínum fyrir hann. Kosið verður aftur í stjórn sjóðsins á aðalfundi SSA 2018 ef aðrar ákvarðanir hafa ekki verið teknar um framtíð hans á þeim vettvangi.

Lokaorð

Samantekt þessi fjallar um nokkur þeirra mörgu málefna sem stjórn SSA kom að á starfsárinu. Verkefnum sambandsins fjölgar og þau verða fjölbreyttari en þó veur það áhyggjur hversu hægt miðar í því að skýra hvaða sess landshlutasamtökin eigi að hafa til framtíðar í stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga, að auka fjármagn til samnings um sóknaráætlunar og að auka skilning ráðuneyta og þingheims á þörfum og sérstöðu landsbyggðanna, svo fátt eitt sé nefnt. Á vegum SSA hefur engu að síður verið unnið öflugt starf og allar nánari upplýsingar um verkefni sambandsins er að finna í fundargerðum stjórnar, sem finna má á heimasíðu SSA.

Ég vil að lokum þakka stjórn SSA, sveitarstjórnarmönnum á Austurland, starfsfólki Austurbrúar, þingmönnum og ráðuneytum og öðru samstarfsfólki gott samstarf á liðnu starfsári.

F.h. stjórnar SSA,
Sigrún Blöndal, formaður



Fundargerð aðalfundar

Fundargerð 50. aðalfundar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA).
Haldinn í Félagsheimilinu Herðubreið, Seyðisfirði, dagana 7. og 8. október 2016

Föstudagur 7. október 2016

Dagskrá fundarins lá frammi, þingskjal nr. 1.

1. Fundarsetning

Sigrún Blöndal, formaður SSA, setti aðalfundinn kl. 9:15 og bauð fundarmenn velkomna á þennan 50. aðalfund sambandsins. Hún minntist 50 ára afmælis sambandsins og fór yfir þann mikla fjölda verkefna og ábyrgðar sem í auknum mæli er beint til landshlutasamtaka. Má þar nefna rekstur almenningssamgangna, en lagalegur grundvöllur þess verkefnis er afar veikur og ógnar m.a. fjárhagsstöðu SSA, og framkvæmd samnings um sóknaráætlun. Sigrún taldi brýnt að samþætta áætlanir hins opinbera og til þess gæfist nú gott tækifæri þegar vinna við nýja byggðaaætlun væri í fullum gangi.

Sigrún vék að hugmyndum SSA um eflingu landshlutans, m.a. með gerð svæðisskipulags fyrir Austurland og uppbyggingu þekkingarsamfélags á Austurlandi. Hún lauk máli sínu á því að rifja upp átta ára gamla hugmynd um sameiningu sveitarfélaga á Austurlandi og velti því upp hvort tímabært væri að taka þá hugmynd aftur til skoðunar.

Að lokum lagði formaðurinn fram tillögu um Lárus Bjarnason og Hildi Þórisdóttur sem fundarstjóra og Evu Jónudóttur og Margréti Veru Knútsdóttur sem fundarritara. Tillagan var samþykkt samhljóða og tóku ritara til starfa. Fundarstjórar tóku við stjórn fundarins, buðu fundarmenn velkomna til Seyðisfjarðar og þökkðu auðsýnt traust.

2. Kosningar

Fundarstjóri bar upp tillögu um eftirtalda í kjörnefnd, þingskjal nr. 2: Gunnlaugur Stefánsson, Pálína Margeirsdóttir og Jakob Sigurðsson.
Samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri bar upp tillögu um eftirtalda í kjörbréfanefnd:

Valdimar O. Hermannsson, Þórður Mar Þorsteinsson og Sigríður Bragadóttir.
Samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri bar upp tillögu um eftirtalda í nefndanefnd: Önnu Alexandersdóttir (formaður), Andrés Skúlason og Jón Björn Hákonarson.
Samþykkt samhljóða.

3. Skýrsla stjórnar

Sigrún Blöndal fór yfir skýrslu stjórnar starfsárið 2015 – 2016. Skýrslan fylgir fundargögnum sem þingskjal nr. 3. Vísað til allsherjarnefndar.

4. Reikningar SSA

Jóna Árný Þórðardóttir, framkvæmdarstjóri Austurbrúar, kynnti reikninga SSA fyrir árið 2015, endurskoðaða fjárhagsáætlun 2016, ásamt fjárhagsáætlun fyrir árið 2017.

Greinargerð með ársreikningi 2015: Þingskjal nr. 4.

Ársreikningur SSA 2015: Þingskjal nr. 5.

Fjárhagsáætlun 2017: Þingskjal nr. 6.

Ársreikningi, greinargerð og fjárhagsáætlunum var vísað til fjárhagsnefndar sem og tillögum stjórnar. Fundarstjóri minnti á að skýrslur stofnana sem tengjast starfi SSA væri að finna á heimasíðu SSA og þeim væri vísað til viðeigandi starfsnefnda á fundinum.

5. Fyrirspurnir og umræður

Enginn kvaddi sér hljóðs

6. Tillögur frá stjórn og aðalfundarfulltrúum

Jón Björn Hákonarson lagði fram tillögur stjórnar að ályktunum fyrir allsherjar- og samstarfsnefnd, þingskjal nr. 7. Vísað til allsherjar- og samstarfsnefndar.

Stefán Grímur Rafnsson lagði fram tillögur stjórnar að ályktunum fyrir mennta- og menningarmálanefnd, þingskjal nr. 8. Vísað til mennta- og menningarmálanefndar.

Eydís Ásbjörnsdóttir lagði fram tillögur stjórnar að ályktunum í byggða- og atvinnumálanefnd, þingskjal nr. 9. Vísað til byggða- og atvinnumálanefndar.

Hákon Hansson lagði fram tillögur stjórnar að ályktunum fyrir umhverfis- og samgöngunefnd, þingskjal nr. 10. Vísað til umhverfis- og samgöngunefndar.

Páll Baldursson lagði fram tillögur starfshóps stjórnar um framtíðarfyrirkomulag almenningssamgangna á Austurlandi, þingskjal nr. 11. Vísað til umhverfis- og samgöngunefndar.

Einar Már Sigurðarson lagði fram tillögur starfshóps stjórnar um uppbyggingu þekkingarsamfélags á Austurlandi, þingskjal nr. 12. Vísað til mennta- og menningarmálanefndar.

Valdimar O. Hermannsson lagði fram tillögu frá Fjarðabyggð um sameiginlega áherslur SSA, þingskjal nr. 13. Vísað til allsherjar- og samstarfsnefndar.

„Helstu áherslur Sambands Sveitarfélaga á Austurlandi milli aðalfunda Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði dagana 7.-8. október samþykkir að eftirfarandi sex atriði verði áherslumál sambandsins á komandi ári.

1. Áframhaldandi uppbygging og nýting Egilsstaðarflugvallar m.a. fyrir millilandaflug.
2. Áframhaldandi uppbygging og styrking umdæmissjúkrahúss Austurlands í Fjarðabyggð og heilsugæslunnar í fjórðungnum.
3. Sameiginlegar og öflugar almenningsgöngur í fjórðungnum sem styrktar verði til framtíðar.
4. Háhraðatengingar um allt Austurlands með tilstyrk ríkisvaldsins.
5. Efling fjarnáms í samstarfi við framhaldsskólana í fjórðungnum og uppbygging háskólanáms og rannsóknarstarfs án tafar.
6. Lokið verði við ómalbikaða hluta vegakerfis fjórðungsins án tafar sem snúa að meginæðum þess. Þar er Berufjarðarbotn í forgrunni.“

Jón Björn Hákonarson lagði fram tillögu Fjarðabyggðar að ályktun um ofanflóðavarnir, þingskjal nr. 14. Vísað til umhverfis- og samgöngunefndar.

„Ofanflóðavarnir

Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 7. og 8. október ítrekar mikilvægi þess að ríkisvaldið heimili fjármögnun framkvæmda sem tengjast ofanflóðavörnum í samræmi við áætlanir Ofanflóðasjóðs og sveitarfélaga. Ofanflóðasjóður hefur til reiðu fjármagn til framkvæmdanna. Mikilvægt er að haldið sé skipulega áfram þeim áföngum sem þegar eru á áætlun og ætlað er að verja byggðir og tryggja öryggi íbúa á þeim svæðum sem eftir er að verja ofanflóðum.“

Gunnlaugur Stefánsson lagði fram tillögu að ályktun um laxeldisáform í austfirskum fjórðum, þingskjal nr. 15. Vísað til umhverfis og samgöngunefndar.

„Þing SSA haldið 7.-8. okt. samþykkir að skipa nefnd til að skoða og meta áhættu af fyrirhuguðu risalaxeldi í austfirskum fjórðum út frá áhrifum á umhverfi, mögulegu og óafturkræfu eignatjóni fyrir óskylda aðila, benda á leiðir til að forða tjóni og lágmarka skaðvænleg áhrif á umhverfi og lífríkið. Einnig verði metin arðsemi laxeldis í opnum kvíum útfrá alþjóðlegum stöðlum um sjálfbærni og vistvæn skilyrði, meta þörf á uppbyggingu og kostnaði fyrir sveitarfélögin og marka skíra stefnu um sjókvíaelði, m.a. í ljósi nýrra náttúrverndarlaga, reynslunnar af eldisiðju í nágrenni löndum og aðkomu sveitarfélaga að skipulagi og leyfisveitingum fyrir sjókvíaelði. Nefndin skili niðurstöðum sínum til stjórnar SSA sem leggur þær fyrir þing SSA árið 2017.

Horft verði m.a. til neðangreindra atriða:

1. Umfang, framleiðslumagn og staðsetningar á Austurlandi.
2. Hverjir eru raunverulegir eigendur viðkomandi laxeldisfyrirtækja?
3. Hvaða tegund, uppruna og gerð laxfiska á að framleiða?
4. Hvernig verður opinberu eftirliti háttáð við eldisiðjuna og fjármagnað?
5. Gjaldtaka sveitarfélaga og landeigenda fyrir útgáfu eldisleyfa og aðgengi að sjó og landi samanborið við það sem gildir í nágrenni löndum.
6. Umhverfisáhrif laxeldisiðjunnar, áhættuþættir, magn og áhrif úrgangs á lífríkið, vistkerfi sjávar og fuglalíf.
7. Þiðja stjórnvöld að láta framkvæma strax mat á samlegðaráhrifum fiskeldisframkvæmda og meta verndargildi fisk- og fuglastofna á fyrirhuguðum eldissvæðum.
8. Strok fiska úr opnum sjókvíum og áhrif á villta laxastofna í austfirskum ám.
9. Hætta á sjúkdómum í eldinu, beitingu lyfja og áhrif í nærumhverfi lífríkisins.
10. Aðkoma sveitarstjórna að skipulagi og skilyrðum fyrir eldisiðjuna.
11. Samræmist eldisiðja í opnum kvíum stefnu austfirskra sveitarstjórna í umhverfismálum?
12. Ábyrgð rekstraraðila og sveitarfélaga gagnvart eignaspjöllum hjá óviðkomandi aðilum.
13. Áhrif á óskylda starfsemi, t.d. stöðu og ímynd ferðaþjónustu og sjávarútvegs.
14. Mannafliþörf og efnahagsleg áhrif, tekjur, gjöld og þjónustuskuldur sveitarfélaga.
15. Áhætta sveitarfélaga vegna uppbyggingar innviða, ef allt fer á versta veg.
16. Aðrir valkostir í fiskeldi sem draga úr skaðlegum umhverfisáhrifum.

Greinargerð

Samkvæmt frétt í Morgunblaðinu 14. september 2016 með upplýsingum frá laxeldisfyrirtækjunum, þá er fyrirhuguð umfangsmikil laxeldisiðja í opnum sjókvíum í austfirskum fjórðum frá Seyðisfirði til Berufjarðar með a.m.k. 80 þúsund tonna ársframleiðslu: „Fiskeldi Austfjarða er með leyfi til framleiðslu á 11 þúsund tonnum á ári í Berufirði og Fáskrúðsfirði og er með aukningu upp í 24 þúsund í leyfisveitngafaferli. Fyrirtækið hefur nú kynnt matsáætlanir um allt að 30 þúsund tonna eldi til viðbótar í þremur tíu þúsund tonna einingum í Seyðisfirði, Mjóafirði, Norðfirði, Hellisfirði og Viðfirði. Laxar fiskeldi undirbúa framleiðslu í Reyðarfirði út á 6000 þúsund tonna leyfi sem fyrirtækið hefur aflað sér. Jafnframt er fyrirtækið með áform um 19 þúsund tonna framleiðslu í Berufirði og Fáskrúðsfirði“.

Þetta eru risaáform og stærstu framkvæmdir á síðari árum í efnahagslífi Austurlands, að byggingu álvers og virkjannaframkvæmdum frátöldum, og óhjákvæmilega samofnar gríðarlegum umhverfis-áhrifum og uppbyggingu kostnaðarsamara innviða í sveitarfélögum. Því er eðlilegt að þessi risaáform séu rædd og skoðuð á vettvangi austfirskra sveitarfélaga. Samkvæmt fréttum eru eigendur og umsækjendur íslenskra eldisleyfa á austfirskum fjörðum að stærstum hluta erlendir aðilar, og hluti þeirra með heimilisfesti í skattaskjólum erlendis. Samræmist það 4. gr. laga um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri nr. 34/1991? Hvaða áhrif hefur það á skyldur þeirra á vinnumarkaði, skattskil og ábyrgð í íslensku þjóðlífi?

Fyrir liggur mikil reynsla í nágrennalöndum af laxeldi í opnum kvíum, t.d. í Noregi. Þar í landi kosta leyfin með aðgengi að sjó og landi milljarða króna og skiptast á milli ríkis og sveitarfélaga, en eru nánast ókeypis á Íslandi. Reynsla Norðmanna er, að einn lax sleppi að jafnaði úr kvíum fyrir hvert tonn í framleiðslu. Slysasleppingar hér á landi gætu orðið enn meiri, m.a. vegna veðurskilyrða, staðsetningar kvía fyrir opnu hafi, þar sem hamfarir í sjó gætu rústað kvíum á augabragði. Þá er mikill grútarúrgangur og mengun af eldinu og hafa vísindastofnanir í Noregi staðfest, að 80 þúsund tonna framleiðsla mengar á við skólpfrárennsi frá 1.2 milljón manna borg. Framleiða á kynbættan (kynbreyttan), norskan eldislax í austfirskum fjörðum sem er mjög ólíkur íslenskum, villtum laxastofni. Í Noregi eru þarlendir villtir laxastofnar víða í andaslitrinum vegna blöndunar við framandi stofna úr laxeldinu. Þá hefur lús verið stórt vandamál í laxeldinu í Noregi og valdið miklum skaða fyrir lífríkið auk notkunar lyfja í stórum stíl til að halda lúsi og sjúkdómum í skefjum. Haldið hefur verið fram, að lúsin verði ekki vandamál á Íslandi vegna kulda sjávar, en takmörkuð reynsla er til um það. Í Alaska hefur sjókvíaeldi á laxi verið bannað með lögum. Á Írlandi hefur frekari uppbygging með sjókvíaeldi verið stöðvuð þar til fyrir liggja fullnægjandi rannsóknir og heildstæð stefnumótun. Miklir hagsmunir eru hér í húfi fyrir marga gagnvart hugsanlegum eignaspjöllum. Tilveru villtra laxastofna á Íslandi gæti verið stefnt í voða og lagt af stangaveiði laxfiska sem hefði mikil áhrif með eigna- og tekjutjóni fyrir marga, sömuleiðis skaðað ferðapjónustuna og ímynd og stöðu sjávarútvegs sem státar af ferskum og heilbrigðum afurðum á erlendum mörkuðum sínum. Þá er laxveiði vinsæl afþreying og dægradvöl. Einnig liggur fyrir að laxeldið hafi áhrif á fuglalíf og gæti skaðað t.d. æðarvarp. Hvaða ábyrgð og skuldbindingar bera sveitarfélögin gagnvart tjóni sem laxeldið gæti valdið? Sveitarfélög hafa ekki skipulagsvald utan netalaga sem eru 115 metrar frá stórstraumsfjöru og takmarkar aðkomu þeirra að ákvarðanatöku og skipulagi um sjókvíaeldið. Verður við það unað að austfirskir firðir verði fylltir af risalaxeldi án þess að heimafólk geti nokkru um það ráðið? Þá ber einnig að

skoða fyrir hvað sveitarfélög vilji standa og vera þekkt af, ekki síst í ljósi aukinnar umhverfisvitundar á meðal almennings og erlendra ferðamanna. Laxeldisiðjan krefst mannafla og uppbyggingar innviða í sveitarfélagi og hefði í för með sér umtalsverðan kostnað sem mikilvægt er að meta, einnig í ljósi áhættu og afleiðinga, ef allt fer á versta veg, m.a. í ljósi reynslu fyrri tilrauna með laxeldi á Austurlandi. Íslenskur lagagrundvöllur um fiskeldið er ekki í takt við reynslu og nýjustu rannsóknir, kröfur um varnir og skilyrði, og þarfnast endurskoðunar. Frumathuganir við Ísland t.d. varðandi burðarþolsmat eru mjög takmarkaðar. Á að leyfa uppbyggingu tugþúsund tonna laxeldisiðu áður en sveitarfélögin hafa lokið undirbúningi og heimavinnu sinni? Fiskeldi gæti verið kærkomin viðbót við atvinnulífið á Austurlandi, aukið á fjölbreytni og eftt búsetu og lífskjör í fjórðungnum. En sú spurning blasir við hversu dýru verði sú atvinnusköpun og fjölbreytni verði keypt og hvort mögulegt sé að koma í veg fyrir áhættu með gildum aðgerðum gegn umhverfisspjöllum og eignatjóni, og að settar verði tryggingar til að bæta fyrir tjón sem óviðkomandi aðilar gætu orðið fyrir. Í ljósi neikvæðra umhverfisáhrifa og tjóns af opnu sjókvíaeldi víða um heim, sem margar virtar vísindastofnanir álíta tímasekkju og úrelta aðferðafræði, þá er sjónum nú beint að landeldi eða lokuðu eldi í sjó, þar sem grútur og frárennsli er skilið frá og hreinsað, og geldfiskur nýttur í eldinu sem ekki getur blandast villtum stofnum með erfðamengun. Slíkt eldi fer nú þegar fram á Íslandi og virðist ganga vel og í Noregi eru nú stefnt á landeldi í stað sjókvíaeldis. Hvaða kröfur ætla austfirsk sveitarfélög að gera til laxeldis eða verður þar allt leyfilegt óháð því hvaða skaða það getur valdið fyrir umhverfið og mannlífið? Ætlar Austurland að vera þekkt af því að fóstta úrelta eldisiðu sem er bönnuð eða verið er að loka í löndum með sæmilega umhverfisvitund?“

Gunnþórunn Ingólfssdóttir lagði fram tillögu Fljótaldalshrepps að ályktun um mikilvægi landbúnaðar, þingskjal nr. 16. Vísað til byggða- og atvinnumálanefndar.

„Tillaga frá sveitarstjórn Fljótaldalshrepps til aðalfundar SSA 2016

Til meðferðar hjá byggða- og atvinnumálanefnd Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 7. og 8. október vekur athygli á mikilvægi landbúnaðar í að viðhalda búsetu á dreifbýlli svæðum landsins. Fundurinn lýsir yfir þungum áhyggjum af fréttum um lækkun afurðaverðs til sauðfjárbænda, nú í haust og telur að það geti leitt til þess að hluti sauðfjárbænda treysti sér ekki til að halda áfram búskap. Því fylgi búseturöskun og jafnvel eyðing byggðar á einhverjum svæðum. Vandséð er að önnur starfsemi taki við því hlutverki sem sauðfjárrækt hefur að stórum hluta gengt, þ.e. að viðhalda byggð um land allt. Landbúnaðarstarfsemi er mikilvægur þáttur í búsetu á Austurlandi og skorar

fundurinn á stjórnvöld að standa vörð um íslenskan landbúnað svo áfram verði blómleg byggð í sveitum landsins.“

Elfa Hlín Pétursdóttir lagði fram tillögu Seyðisfjarðarkaupstaðar að ályktun um lýðhaskóla, þingskjal nr. 17. Vísað til mennta- og menningarmálanefndar.

„Um lýðhaskóla

Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 7. og 8. október 2016 skorar á mennta- og menningarmálaráðherra að flýta vinnu við gerð frumvarps til almennrar löggjafar um lýðhaskóla á Íslandi í samræmi við samþykktu þingsályktun Alþingis frá 2. júní 2016. Markmið löggjafarinnar verði eins og segir í tillögunni að gera lýðhaskóla að viðurkenndum valkosti í menntun sem njóti lagalegrar umgjarðar og stuðnings hins opinbera til jafns við annað framhaldsnám. Á Seyðisfirði starfar lýðhaskóli á listasviði, LungA skólinn sem hóf starfsemi árið 2014 og er eini lýðhaskóli landsins. Nauðsynlegt er að tryggja lagalega og fjárhagslega umgjörð starfseminnar og vitað er að skólinn er tilbúinn til að leggja sitt af mörkum svo að það megi verða í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytið.“

Þá lagði Elfa Hlín fram breytingartillögu við ályktun um hafnir, þingskjal nr. 18. Vísað til umhverfis- og samgöngunefndar.

„Tillaga frá Seyðisfjarðarkaupstað

Sérstök áhersla verði lög á að treysta hlutverk ferjuhafnarinnar á Seyðisfirði sem gátt að áfangastaðnum Austurlandi í markaðslegu tilliti og áframhaldandi nauðsynlegri uppbyggingu aðstöðu tengt þeirri gátt inn í landið.“

7. Málstofur - hópavinnna

Fundarstjóri fór yfir þær málstofur sem verða á fundinum.

- Stjórnsýsluleg staða landshlutasamtaka. Innleiðing: Karl Björnsson, Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Hópstjóri: Sigrún Blöndal
- Almenningsamgöngur á Austurlandi – skipulag til framtíðar (tillaga). Innleiðing: Páll Baldursson, Fjarðabyggð. Hópstjóri: Arnbjörg Sveinsdóttir, Seyðisfjarðarkaupstað.
- Svæðisskipulag á Austurlandi og Hönnun áfangastaðarins Austurlands. Innleiðing: Andrés Skúlason, Djúpavogshreppur og María Hjálmarsdóttir, Austurbú. Hópstjóri: Elfa Hlín Pétursdóttir.

- Uppbygging þekkingarsamfélags á Austurlandi (tillaga). Innleiðing: Einar Már Sigurðarson, Fjarðabyggð. Hópstjóri: Eydís Ásbjörnsdóttir, Fjarðabyggð.

Fundarstjóri vísaði fundarmönnum í málstofur og frestaði fundi til kl. 12.30.

8. Kynning á niðurstöðum málstofa

Fundarstjóri setti fund kl. 12.30.

- Stjórnsýsluleg staða landshlutasamtaka – aukin verkefni. Kynning: Sigrún Blöndal.
- Almenningsamgöngur á Austurlandi – skipulag til framtíðar. Kynning: Arnbjörg Sveinsdóttir. Niðurstöðum vísað til umhverfis- og samgöngunefndar.
- Svæðisskipulag á Austurlandi og Hönnun áfangastaðarins Austurlands. Kynning: Elfa Hlín Pétursdóttir.
- Uppbygging þekkingarsamfélags á Austurlandi. Kynning: Eydís Ásbjörnsdóttir. Niðurstöðum vísað til mennta- og menningarmálanefndar.

9. Ávörp

Fundarstjóri bauð Smára Geirsson, fyrrum formann stjórnar SSA og höfund bókarinnar „Samstarf á Austurlandi“ velkominn.

SSA 50 ára – Litið til baka

Smári Geirsson fór yfir tilgang stofnunar Fjórðungspings Austfirðinga, árið 1943, sem markaði upphaf austfirskrar samvinnu. Þessi stofnun vakti athygli víða um land. Þingið og samböndin byggðu þó ekki á lagalegum grunni og höfðu því ekkert formlegt vald. Fjórðungspingið barðist fyrir ýmsum hagsmunamálum fjórðungsins, s.s. samgöngumálum, raforkumálum, atvinnumálum og menningar- og menntamálum.

Starfsemi þessa þings fjaraði út árið 1964 og árið 1966 var SSA stofnað. SSA voru einnig samtök sem höfðu ekkert lögbundið vald. Markmið samtakanna var m.a. að vinna að sameiginlegum hagsmunum sveitarfélaganna, efla samstarf og styrkja þjóðfélagslega stöðu landsfjórðungsins. Mikilvægt var talið að Austfirðingar gætu komið fram sem ein heild.

Smári sagði frá því hve mikil áhrif síðasta kjördæmabreyting hafði á SSA, því þá minnkaði sambandssvæðið og kjördæmamörkin voru ekki lengur þau sömu. Hann lagði að lokum áherslu á að

ávallt þarf að gæta þess að þó upp kunni að koma ágreiningsmál, þá séu alltaf fleiri mál sem sameina en sundra.

Fundarstjóri bauð Sigrúnu Blöndal, formann stjórnar SSA, velkomna.

SSA 50 ára – Horft til framtíðar

Sigrún Blöndal formaður SSA fór yfir hlutverk samtakannasíðastliðin 50 ár. Hún lýstisamstarfi þeirra við önnur landshlutasamtök og sagði frá því hvernig SSA stendur vörð um íbúa sveitarfélaganna með hagsmunagæslu. Þá bað hún fundarmenn að velta því fyrir sér hvernig starfsemi landshlutasamtaka og þeirra verkefna sem þau sinna í dag ætti að vera hagað til framtíðar og hvert hlutverkt sveitarstjórnarstigsins ætti að vera.

Fundarstjóri bauð heilbrigðisráðherra, Kristján Þór Júlíusson, velkominn.

Ávarp heilbrigðisráðherra

Heilbrigðisráðherra byrjaði á því að óska SSA til hamingju með 50 ára afmælið. Í erindi sínu ræddi hann um mikilvægi þess að allir hafi góðan og greiðan aðgang að góðri heilbrigðisþjónustu. Ráðherra ræddi um forgangsröðun verkefna í heilbrigðisþjónustu, þar á meðal eitt stærsta verkefnið sem er að sameina allar heilbrigðisstofnanir landsins í eina stofnun. Auknir fjármunir hafa verið lagðir til heilbrigðisþjónustu Austurlands. Rætt var um fjarheilbrigðisþjónustu, sérhæfða þjónustu og teymisvinnu. Hann sagði frá því að gerðar verði breytingar á greiðslupátttöku frá og með 1. febrúar 2017 og greindi frá fyrirhugaðri byggingu sjúkrahótels.

Þjóðin eldist og eldri þjóð krefst betri heilbrigðisþjónustu, svo sem fleiri/betri öldrunarheimila og hjúkrunarheimila. Ráðherra ræddi um geðheilbrigðisþjónustu, lyfjastefnu og lýðheilsustefna með sérstaka áherslu á börn og ungmenni.

Mikilvægustu úrbótarmálin á landsbyggðinni eru aðallega styrkari heimahjúkrun, sálfræðiþjónusta og sérfræðiþjónusta. Heilbrigðisráðuneytið ákvað nýverið að verða við ósk Heilbrigðisstofnunar Austurlands (HSA) um að veita auknum fjármunum í og leggja meiri áherslu á betri heimahjúkrun og sjúkraflutninga.

Fundarstjóri bauð 1. þingmann Norðausturkjördæmis, Sigmund Davíð Gunnlaugsson velkominn.

Ávarp 1. þingmanns Norðausturkjördæmis

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, 1. þingmaður ávarpaði fundinn og óskaði til fundarmönnum til hamingju með afmælið. Hann talaði um mikilvægi þess að sveitarfélög vinnisamana að stórum málum, sbr. SSA. Þeim mun betur sem landshlutinn stendur saman, þeim mun betur stendur hann gagnvart öllu kerfinu. Mikil tækifæri væru í þessum landshluta, en til þeirra þyrfti fjármagn og samstöðu. Þingmaðurinn ræddi um jákvæða og neikvæða keðjuverkun í fjármögnun og hversu mikilvægt væri að nýta tækifærin sem skapast. Þau væru mikil en kerfið yrði að nýta þau og það væri á ábyrgð stjórnámálanna landshlutans að fá kerfið til að vinna með landsbyggðinni.

Þá stiklaði þingmaðurinn einnig á stóru um samgöngur, fjarskiptakerfi, ljósleiðaravæðingu og fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni.

Fundarstjóri bauð Karl Björnsson, framkvæmdarstjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga velkominn.

Karl ræddi um nýliðnar forsetakosningar 2016 og kosningaþátttöku ungs fólks. Hann kynnti vefsíðuna www.egkys.is og ræddi um sveitarstjórnarkosningar, nýliðna fjármálaráðstefnu, kjarasaminga, hjúkrunarheimili, félagslegt húsnæði, bankaskatt og séreignarsparnað, umræður um aukna hlutdeild sveitarfélaga í tekjum hins opinbera, nýja húsnæðislöggjöf, nýja byggðaaætlun og framkvæmd samninga um sóknarætlun.

10. Álit kjörbréfanefndar og nefndarnefndar.

Valdimar O. Hermannsson, formaður kjörbréfanefndar, kynnti niðurstöðu nefndarinnar, þingskjal nr. 19.

Borið undir atkvæði.
Samþykkt samhljóða.

Kjörnir fulltrúar eru sem hér greinir:

Fjarðabyggð (4675 íbúar)

Jón Björn Hákonarson
Pálína Margeirsdóttir
Gunnar Jónsson
Hulda Sigrún Guðmundsdóttir
Jens Garðar Helgason
Valdimar O. Hermannsson

Snorri Styrkársson
Dýrunn Pála Skaftadóttir
Ragnar Sigurðsson
Elvar Jónsson
Eydís Ásbjörnsdóttir
Esther Ösp Gunnarsdóttir
Einar Már Sigurðarson
Ævar Ármannsson
14

Fljótsdalshreppur (68 íbúar)

Gunnþórunn Ingólfssdóttir
1

Seyðisfjaðarkaupstaður (665 íbúar)

Elfa Hlín Pétursdóttir
Margrét Guðjónsdóttir
Vilhjálmur Jónsson
3

Breiðdalshreppur (187 íbúar)

Gunnlaugur Stefánsson
1

Djúpavogshreppur (470 íbúar)

Sóley Dögg Birgisdóttir
Rán Freysdóttir
2

Borgarfjarðarhreppur (134 íbúar)

Jakob Sigurðsson
1

Fljótsdalshérað (3463 íbúar)

Stefán Bogi Sveinsson
Gunnhildur Ingvarsdóttir
Páll Sigvaldason
Gunnar Jónsson
Þórður Þorsteinsson
Anna Alexandersdóttir
Guðmundur Kröyer
Sigrún Blöndal
Aðalsteinn Ásmundsson (föstudagur)/Árni Kristinsson (laugardagur)
Stefán Bragason (föstudagur)/Björn Ingimarsson (laugardagur)
Guðlaugur Sæbjörnsson
11

Vopnafjarðarhreppur (695 íbúar)

Eyjólfur Sigurðsson
Sigríður Elfa Konráðsdóttir
Sigríður Bragadóttir
3

Anna Alexandersdóttir, formaður nefndanefndar, lagði fram tillögu nefndarinnar, þingskjal nr. 28.

Byggða- og atvinnumálanefnd

Form. Ólafur Áki Ragnarsson
Arnbjörg Sveinsdóttir
Guðmundur Sveinsson Kröyer
Esther Ösp Gunnarsdóttir
Snorri Styrkársson
Rán Freysdóttir
Elvar Jónsson
Sigríður Bragadóttir
Hákon Hansson

Mennta- og menningarmálanefnd

Form. Gauti Jóhannesson
Stefán Bragason
Eydís Ásbjörnsdóttir
Sóley Dögg Birgisdóttir
Þorbjörg Sandholt
Sigríður Elfa Konráðsdóttir
Elfa Hlín Pétursdóttir
Dýrunn Pála Skaftadóttir
Ævar Ármannsson
Aðalsteinn Ásmundsson

Umhverfis- og samgöngunefnd

Form. Einar M. Sigurðarson
Anna Alexandersdóttir
Gunnar Jónsson (Fljótsdalshérað)
Páll Sigvaldason
Andrés Skúlason
Hulda Guðmundsdóttir
Margrét Guðjónsdóttir
Ragnar Sigurðsson
Jens Garðar Helgason
Gunnlaugur Stefánsson
Eyjólfur Sigurðsson
Jakob Sigurðsson

Allsherjar- og samstarfsnefnd

Form. Jón Björn Hákonarson
Gunnhildur Ingvarsdóttir
Þórður Mar Þorsteinsson
Valdimar O. Hermannsson
Pálína Margeirsdóttir
Stefán Grímur Rafnsson
Vilhjálmur Jónsson
Borghildur Stefánsdóttir

Fyrir lágu tillögur stjórnar um fjárhagsnefnd og kjörnefnd.

Fjárhagsnefnd

Form. Gunnþórunn Ingólfssdóttir
Guðlaugur Sæbjörnsson
Gunnar Jónsson (Fjarðabyggð)

Kjörnefnd

Form. Gunnlaugur Stefánsson,

Pálína Margeirsdóttir
Jakob Sigurðsson.

Borið undir atkvæði.
Samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri frestaði fundi til kl. 9 laugardaginn 8. október 2016.

11. Afgreiðslur mála

Fundarstjóri setti fundinn og gengið var til dagskrár.

Nefndaálit og -tillögur

Fjárhagsnefnd

Gunnþórunn Ingvarsdóttir gerði grein fyrir tillögum nefndarinnar, þingskjal 21.

Fjárhagsnefnd

Í fjárhagsnefnd sátu Gunnþórunn Ingólfsdóttir, Guðlaugur Sæbjörnsson og Gunnar Jónsson. Á fund nefndarinnar komu Sigrún Blöndal, formaður SSA, Jón Björn Hákonarson, varaformaður SSA og Jóna Árný Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Austurbrúar.

Til nefndarinnar var vísað ársreikningi SSA fyrir árið 2015, fjárhagsáætlun SSA fyrir árið 2017, tillögu að launakjörum stjórnar SSA og nefnda, tillögu að árgjöldum aðildarsveitarfélaga SSA, tillögu að framlagi sveitarfélaga í Atvinnuþróunarsjóð Austurlands árið 2017 og tillögum að hækkun á framlögum til Héraðsskjalasafns Austfirðinga og Ljósmyndasafns Austurlands.

Ársreikningur 2015

Nefndin fór yfir ársreikning SSA fyrir árið 2015, könnunarskýrslu Deloitte og álit kjörinna skoðunarmanna þeirra Gunnlaugs Guðjónssonar og Þórunnar Hálfðánardóttur. Rekstarafkoma ársins var jákvæð sem nemur 9,3 millj.kr., en var áætluð 642 þús.kr. Helsta skýring á mismun er vegna sérverkefna. Heildartekjur námu 199,7 millj.kr., rekstrargjöld 185,6 millj. kr., fjármagnsliðir eru jákvæðir um 0,9 millj.kr., hækkun lífeyrisskuldbindinga er 5,6 millj.kr., sem færast til gjalda. Hækkun á handbæru fé nam 41,1 millj.kr. og er handbært fé í árslok 81,8 millj.kr. Eigið fé í árslok 2015 er neikvætt um 1,7 millj.kr. og er bati frá árinu á undan, sem nemur jákvæðri afkomu ársins 2015.

SSA á í málaferlum við Sternu vegna almennings-samgangna og ljóst ef þau mál fara á versta veg er efnahagur samtakanna hruninn, þar sem ítrasta krafa Sternu hljóðar upp á kr. 589 millj. Í ársreikningi 2015 er færð til eignar 7 millj.kr. tryggingarfé, vegna málaferlanna.

Fjárhagsnefnd leggur til að ársreikningur SSA fyrir árið 2015 verði samþykktur.

Árgjöld aðildarsveitarfélaga SSA 2017

Fjárhagsnefnd fór yfir tillögu stjórnar um að árgjöld nemi kr. 11,5 millj. árið 2017 þ.e. hækki um 5% frá fyrra ári. Vísað var til nefndarinnar að skoða hvort ástæða væri til frekari hækkana árgjalda, en lagt var til í framlagðri áætlun vegna lífeyrisskuldbindinga. Fjárhagsnefnd sér ekki ástæðu til sértækra hækkana á árgjöldum vegna lífeyrisskuldbindinga, þrátt fyrir neikvætt eigið fé. Sjóðsstaða er góð og ekki líklegt að um verði að ræða hraða útgreiðslu vegna lífeyrisskuldbindinga. Hins vegar er ljóst að umsvif rekstrar SSA hafa aukist með tilkomu sérverkefna og því leggur fjárhagsnefnd til að árgjöld hækki um 7,5 % og verði kr. 11.818.853.

Fjárhagsnefnd leggur til að tillaga að árgjöldum ársins 2017 verði samþykkt svo breytt.

Launamál stjórnar SSA og nefnda

Fjárhagsnefnd fór yfir tillögu að launum stjórnar SSA og nefnda. Laun taka mið af þingfarakaupi. Þau taka breytingum gagnvart vísitölu og samkvæmt ákvörðunum kjararáðs.

Stjórnarmaður hefur 4, 5% af þingfarakaupi, þ.e. kr. 34.332, - per fund, mánaðarlaun formanns eru 9% af þingfarakaupi þ.e. kr. 68.665 per fund, fyrir setu í framkvæmdaráði sama og stjórnarmaður. Samgöngunefnd er eina launaða nefnd samtakanna og er kveðið á um að fyrir setu í samgöngunefnd verði greitt 1,5% af þingfarakaupi þ.e. kr. 11.444 per fund.

Til fjárhagsnefndar var vísað að skoða hvort hlutföll þingfarakaups eigi að hreyfast í takt við launaþróun. Fjárhagsnefnd leggur til að hlutföll stjórnarlauna verði óbreytt, en þróist í takt við breytingar á þingfarakaupi.

Fjárhagsnefnd leggur til að fyrirbyggjandi tillaga að launum stjórnar SSA og nefnda verði samþykkt.

Fjárhagsáætlun SSA fyrir árið 2017

Samkvæmt fjárhagsáætlun, með hækkunum árgjöldum sveitarfélaga, verða heildartekjur 260,3 millj. kr., þar af nema áætluð framlög frá ríki og Jöfnunarsjóði sveitarfélaga um kr. 170 millj. Launakostnaður er áætlaður 20,4 millj.kr., funda- og ferðakostnaður 7,8 millj.kr. og annar stjórnunarkostnaður 9,9 millj. kr. Kostnaður vegna sérverkefna er áætlað að nemi kr. 223,6 millj. Áætluð afkoma er neikvæð sem nemur kr. 6,6 millj.

Fjárhagsnefnd leggur til að fjárhagsáætlun 2017 verði samþykkt eins og hún liggur fyrir.

Héraðsskjalasafn Austfirðinga

Fjárhagsnefnd tekur undir tillögu stjórnar um að framlag til Héraðsskjalasafns Austfirðinga vegna samnings um skjalaskráningu verði aukið um kr. 50 þús. á yfirstandandi ári. Telur fjárhagsnefnd að það rúmist innan þess útgjaldaúka sem er í áætlun.

Ljósmyndasafn Austurlands

Stjórn fól fjárhagsnefnd að taka afstöðu til þess hvort rétt væri að hækka framlag til Ljósmyndasafns Austurlands til að mæta launaþróun síðustu ára, en framlagið hefurekkihækkað frá upphafi. Fjárhagsnefnd telur að forsendur skorti til að meta það, en beinir til stjórnar að greina starfsemi Ljósmyndasafnsins og leggja fyrir aðalfund 2017, tillögu um breytt framlag þyki ástæða til.

Tillaga að framlögum aðildarsveitarfélaga SSA til Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands árið 2017

Vísað var til umfjöllunar í fjárhagsnefnd eftirfarandi tillögu að framlögum til Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands árið 2017:

Framlag til Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands verði kr. 1.750 per íbúa árið 2017, framlagið tekur þá breytingum samkv. lánskjaravísitölu og er tvöfalt árgjald, samkvæmt samþykkt sveitarfélaganna frá desember 2014, í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu Austurbrúar, þar sem var kveðið á um að framlag sveitarfélaganna á árinu 2017 til Atvinnuþróunarsjóðsins yrði tvöfalt.

Fjárhagsnefnd leggur til að tillaga að framlögum til Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands fyrir árið 2017 verði samþykkt.

Ábendingar fjárhagsnefndar er varða fjárhag SSA Fjárhagsnefnd leggur til að stjórn láti bjóða út endurskoðun SSA og tengdra félaga fyrir árið 2017.

Þá vísar fjárhagsnefnd til stjórnar að hlutast til um að framlög sérverkefna verði skoðuð með það í huga að þau greiði inn í rekstur samtakanna, umfram það sem nú er.

Einnig leggur fjárhagsnefnd til að stjórn taki til skoðunar þjónustusamning við Austurbrú, með tilliti til aukinna verkefna á vegum SSA.

Fundarstjóri bar upp ársreikning SSA fyrir 2015. Samþykktur samhljóða.

Fundarstjóri bar upp endurskoðaða fjárhagsáætlun SSA fyrir 2016. Samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri bar upp fjárhagsáætlun SSA fyrir 2017. Samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri bar upp tillögu að árgjöldum SSA fyrir 2017. Samþykkt samhljóða. Þingskjal 22.

Fundarstjóri bar upp tillögu að launum stjórnar og nefnda SSA. Samþykkt samhljóða. Þingskjal 23.

Fundarstjóri bar upp tillögu um framlög í atvinnuþróunarsjóð.

Samþykkt samhljóða.

Byggða- og atvinnuáætlun

Ólafur Áki Ragnarsson gerði grein fyrir tillögum nefndarinnar, þingskjal 24.

Samningur um sóknaráætlun

Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 7. og 8. október 2016 ítrekar fyrri ályktanir um nauðsyn þess að ríkisvaldið leggi umtalsvert meira fé til samningsins frá öllum ráðuneytum sem koma að sóknaráætlun. Það er forsenda þess að markmið samningsins náist. Það er sérstakt áhyggjuefni hver þróunin í framlögum mennta- og menningarmálaráðuneytis hefur verið. Veruleg ástæða er til að hafa áhyggjur af afdrifum mennta- og menningarmála og því mikla faglega starfi sem unnið hefur verið í þessum málaflökki ef ekki verður bætt úr. Einnig er brýnt að hið opinbera mæti þeim umsýslukostnaði sem leiðir af kröfum ríkisins til landshlutanna.

Störf á vegum ríkisins á Austurlandi

Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 7. og 8. október 2016 leggur áherslu á að eitt af megin verkefnum SSA á næstu árum verði, í samstarfi við ríkisvaldið, að standa vörð um og fjölga verulega opinberum störfum á Austurlandi. Ein leið til að fjölga opinberum störfum er að koma upp miðstöðvum sem hýsa starfsmenn ýmissa stofnana og fyrirtækja. Þessi áhersla er í fullu samræmi við byggðaáætlun og stefnu stjórnvalda um tilfærslu opinberra starfa. Mikilvægt er í þessu samhengi að nýta breytingar í ríkisrekstri til að ná þessu markmiði og þá um leið hagkvæmari lausn fyrir ríkisvaldið. Fundurinn telur að efla þurfi frumkvöðla- og nýsköpunarstarf m.a. með aðkomu Nýsköpunarmiðstöðvar. Þá telur fundurinn að fela megi stofnunum sveitarfélaganna að fara með verkefni fyrir hönd ríkisstofnana.

Rekstur upplýsingamiðstöðva

Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 7. og 8. október 2016 telur að upplýsingamiðstöðvar séu afar mikilvægur þáttur í að fjölga áfangastöðum ferðamanna, vísa þeim leið og tryggja góða umgengni um landið. Því skorar fundurinn á stjórnvöld að auka fjármagn til upplýsingamiðstöðva á Austurlandi þannig að þeir fjármunir dugi til að þjónusta ferðamenn og auka öryggi þeirra allt árið. Fundurinn hvetur hagsmunaaðila á borð við sveitarfélög, Austurbrú og Vatnajökulspjöldgarð til að hafa samráð um það hvernig þessum málaflökki verði best fyrirkommið í landshlutanum.

Flutningskerfi raforku

Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 7. og 8. október 2016 krefst þess að Landsnet styrki flutningskerfi raforku inn á Austurland. Undanfarin ár hefur óstöðugleiki og skortur á orku háð atvinnuupp-

byggingu og starfsemi fyrirtækja sem reiða sig á raforku á Austurlandi. Mikilvægur þáttur í atvinnuuppbyggingu hinna dreifðu byggða er tryggja aðgang að þriggja fasa rafmagni.

Staða landbúnaðar á Austurland

Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 7. og 8. október vekur athygli á mikilvægi landbúnaðar við að viðhalda búsetu á dreifbýlli svæðum landsins líkt og raunin er á Austurlandi. Fundurinn skorar á stjórnvöld að standa vörð um íslenskan landbúnað svo áfram verði blómleg byggð í sveitum landsins. Þá er veruleg ástæða til að hafa þungar áhyggjur af nýlegri lækkun afurðaverðs til sauðfjárbænda sem leitt getur til þess að hluti sauðfjárbænda treysti sér ekki til að halda áfram búskap. Því fylgir búseturöskun og jafnvel eyðing byggðar á einhverjum svæðum. Vandséð er að önnur starfsemi taki við því hlutverki sem sauðfjárrækt hefur að stórum hluta gegnt, þ.e. að viðhalda byggð um land allt.

Sjávarútvegur

Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 7. og 8. október telur mikilvægt að stjórnvöld tryggi að sjávarútvegur, einn undirstöðuatvinnuvega Austurlands, búi við stöðugleika og skýra framtíðarsýn, landinu öllu til heilla.

Til máls tóku:

Jens Garðar Helgason. Lagði fram breytingartillögu : „50. aðalfundur SSA hafnar öllum hugmyndum um uppboðsleið á aflaheimildum endu eru uppboð á aflaheimildum ógn við stöðugleika, vöxt, atvinnuöryggi sjómanna og starfsfólks í landi og

framfarir í atvinnugreininni. Sjávarútvegur er ein af kjölfestum atvinnu á Austurlandi og ber stjórnvöldum að tryggja stöðugleika greinarinnar en ekki grafa undan henni með uppboðum á aflaheimildum.

Flutningsmenn:

Ragnar Sigurðsson
Borghildur Stefánsdóttir
Valdimar O. Hermannsson
Pálína Margeirsdóttir
Dýrunn Pála Skaftadóttir
Hulda Guðmundsdóttir
Jens Garðar Helgason
Jón Björn Hákonarson
Anna Alexandersdóttir.

Þórður Mar Þorsteinsson leggur fram frávísunartillögu við tillögu Jens Garðars:

„Tillaga Jens Garðars um uppboð á aflaheimildum verði vísað frá.“

Jens Garðar Helgason
Ólafur Áki Ragnarsson
Stefán Bogi Sveinsson
Andrés Skúlason
Jón Björn Hákonarson
Einar Már Sigurðarson
Jens Garðar Helgason
Sigrún Blöndal.

Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs.

Frávísunartillaga Þórar Mar samþykkt með meirihluta atkvæða, breytingartillögu Jens Garðars vísað frá.



Einar Már Sigurðarson leggur fram breytingartillögu:
„Þá verði hlutdeild sveitarfélaga í veiðigjöldum tryggð.“

Til máls tóku:
Vilhjálmur Jónsson
Einar Már Sigurðarson, sem dró breytingartillöguna til baka.

Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs.

Fundarstjóri bar þá upp ályktanir frá byggða- og atvinnumálanefnd.
Samþykkt samhljóða.

Allsherjar- og samstarfsnefnd

Jón Björn Hákonarson gerði grein fyrir tillögum nefndarinnar, þingskjal 25.

Svæðisskipulag og Hönnun áfangastaðarins Austurlands

Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 7. og 8. október 2016 leggur áherslu á gerð svæðisskipulags fyrir Austurland og tengingu verkefnisins „Hönnun áfangastaðarins Austurlands“ við það. Fundurinn hvetur aðildarsveitarfélög að styðja við verkefnið og innleiðingu þeirra verkferla og verkfæra sem út úr því koma.

Gjaldtaka af ferðamönnum

Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 7. og 8. október 2016 telur óspillta náttúru landsins fágæta auðlind. Verndun hennar og sjálfbær nýting er eitt brýnasta verkefni samtímans. Fundurinn skorar á stjórnvöld að tryggja sveitarfélögum sanngjarnan hlut af tekjum ferðapjónustunnar svo þau geti staðið straum af skipulagsvinnu í tengslum við ferðamannastaði og jafnframt uppbyggingu slíkra staða og innviða samfélaganna. Þetta á ekki síst við um uppbyggingu nýrra áfangastaða. Með þessu er hægt að mæta því mikla álagi sem er á mörgum vinsælum ferðamannastöðum og gera þá þannig úr garði að ekki hljótist af spjöll vegna ágangs. Þá er ljóst að leiða verður til lykta hvernig gjaldtöku skal háttáð af ferðamönnum eigi síðar en á ári komanda. Þarf Alþingi að leiða slíka ákvörðun til lykta í samstarfi við hagsmunaaðila.

Stjórn hreindýraveiða

Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 7. og 8. október 2016 hvetur ráðherra umhverfismála og alþingismenn til að beita sér fyrir því að umsjón með stjórn hreindýraveiða eflist enn frekar á Austurlandi. Fundurinn skorar jafnframt á ráðherra umhverfismála að tryggja umtalsvert meira fé til rannsókna á vegum Náttúrustofu Austurlands, þannig væri lagður traustari grunnur að stjórnun hreindýraveiða. Hreindýr eru auðlind sem fyrirfinnst aðeins á Austurlandi og því telur fundurinn eðlilegt að öll umsýsla og stjórnun sé staðsett í landshlutanum og fjármagn vegna þessa málaflokks.

Málefni aldraðra

Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 7. og 8. október 2016 skorar á ráðherra velferðarmála að vinna náið með sveitarfélögum að skipulagi þjónustu við aldraða. Málefni aldraðra verða sífellt umfangsmeiri, öldruðum fer fjölgandi og er umsjón þess málaflokks að mörgu leyti best komin í höndum sveitarfélaganna, að því gefnu að honum fylgi nægt fé. Hér er um mikilvæga nærþjónustu að ræða, mikil skörun er í núverandi þjónustu og mikilvægt að samfella sé í henni á vegum ríkis og sveitarfélaga. Grundvallaratriði er að ábyrgð hlutaðeigandi sé skýr, nægt fjármagn fylgi verkefninu og kröfur um þjónustu séu kostnaðarmetnar fyrirfram.

Aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu

Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 7. og 8. október 2016 skorar á heilbrigðisyfirvöld að axla ábyrgð í geðheilbrigðismálum, þau setji sér enn skýrari stefnu og tryggi gott aðgengi að úrræðum sem er réttur íbúa hinna dreifðu byggða og á ábyrgð hins opinbera. Brýnt er að bæta aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu en hvorki er til staðar göngudeild geðdeildar né eru fastir starfandi geðlæknar á Austurlandi. Á þetta jafnt við í málafnum barna og fullorðinna.

Verkaskipting heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og eftirlitsstofnana á vegum ríkisins

Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 7. og 8. október 2016 skorar á ríkisvaldið að marka þá stefnu að Umhverfisstofnun og Matvælastofnun verði breytt í stjórnvöld og dregið úr eftirlitshlutverki þeirra. Heilbrigðiseftirliti verði falið sem mest af eftirlitsverkefnum á grunni reglugerða og leiðbeininga. Heilbrigðisfulltrúar eru sérfræðingar í eftirliti og geta sinnt eftirlitsverkefnum í nærumhverfi sínu á hagkvæman hátt.

Stjórnvöld þurfa að nýta betur mannauð og aðstöðu sem er til staðar í landshlutanum í stað þess að senda starfsmenn með ærnum tilkostnaði frá miðlægum stofnunum. Starfsmenn stofnana sem eru staðsettar og reknar á landsbyggðinni og af sveitarfélögum eru vel til þess fallnir að sinna verkefnum í nærumhverfi í stað þess að senda fólk landshluta á milli.

Efling heilbrigðisþjónustu

Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 7. og 8. október 2016 skorar á yfirvöld velferðar- og fjármála, Alþingi og ríkisstjórn Íslands að efla þá heilbrigðisþjónustu sem nú er veitt í landshlutanum og bætt verði úr þar sem þjónusta er ekki viðunandi. Fundurinn tekur undir hugmyndir landlæknis hvað varðar öflugri heilsugæslu og samspil sérfræðiþjónustu og sjúkratrygginga á landsbyggðunum.

Að þessu verður ríkisvaldið að koma með kröftugum hætti og styrkja og efla Umdæmissjúkrahúsið í Neskaupstað, heilsugæsluna í landshlutanum og aðrar sjúkrastofnanir. Heilbrigðisþjónusta í nærumhverfi

er einn mikilvægasti grunnþáttur í þjónustu við íbúa, ekki síst á jaðarsvæðum, þar sem samgöngur eru erfiðar og því verða stjórnvöld að taka tillit til þeirra staðhátta sem einkenna Austurland þegar framlög til heilbrigðismála eru ákveðin. Fundurinn varar sérstaklega við því að skert verði sú bráða-, sérfræði- og fæðingarþjónusta, sem nú er veitt á Umdæmissjúkrahúsinu í Neskaupstað enda er það eina sjúkrahúsið frá Akureyri að Selfossi sem veitir sólarhrings bráðaþjónustu og fæðingarþjónustu allan ársins hring. Fjölbreytt starfsemi sjúkrahússins þjónar allt að 12 þúsund íbúum á 16.000 ferkílómetra landssvæði, auk mikils fjölda innlendra og erlendra ferðamanna sem heimsækja Austurland á ári hverju. Þá hefur verið sýnt fram á að flutningur heilbrigðisþjónustu úr landshlutanum eykur kostnað allra skattgreiðenda. Með tilkomu Norðfjarðarganga haustið 2017 munu samgöngur á Austurlandi batna og um leið aðgengi að Umdæmissjúkrahúsi í Neskaupstað. Um leið og sjúkraflug um Norðfjarðarflugvöll verður treyst með lagfæringum á flugbraut flugvallarins.

Samstarf sveitarfélaga á Austurlandi

Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 7. og 8. október 2016 skorar á Samband íslenskra sveitarfélaga og Innanríkisráðuneyti að setja þegar af stað vinnu til að móta hugmyndir að lýðræðis- og stjórnkerfi svo hugmyndir um frekari sameiningu sveitarfélaga geti orðið að veruleika. Umtalsverður árangur hefur náðst í samstarfi sveitarfélaga á Austurlandi. Mikilvægt er að sveitarfélögin haldi áfram að leita leiða til að auka samstarf á ýmsum sviðum, íbúum landshlutans til hagsbóta, t.a.m. í gegnum vinnu við svæðisskipulag

Lögreglustjóraembættið á Austurlandi og embætti Sýslumannsins á Austurlandi

Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 7. og 8. október 2016 lýsir yfir vonbrigðum með að stjórnvöld hafi ekki staðið við fyrirheit um að efla hin nýju sýslumanns- og lögreglustjóraembætti með flutningi verkefna sem munar um. Og að tryggja þeim fjármagn til að þau geti sinnt verkefnum sínum í þessum víðfeðma landshluta, ekki síst hálandisgæslu, þegar umferð um það svæði vex jafnt og þétt. Fundurinn skorar á stjórnvöld að bæta úr þessu hið fyrsta.

Aðstaða lögreglunnar á Seyðisfirði

Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 7. og 8. október 2016 skorar á þingmenn og ráðherra innanríkismála að sjá til þess að tryggt verði fjármagn á fjárlögum ársins 2017 til byggingar og reksturs lögreglustöðvar á Seyðisfirði og ráðningar lögreglumanna þar, ekki síst með það í huga að á Seyðisfirði er landamærastöð og aðkoma inn í landið.

Tekjustofnar sveitarfélaga

Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 7. og 8. október 2016 telur mikilvægt að renna styrkari stoðum undir tekjustofna sveitarfélaga. Útgjöld sveitarfélaga hafa

vaxið og verkefnum fjölgað, en tekjuliðir hafa ekki fylgt þeirri þróun. Mikilvægt er að sveitarfélög fái aukna hlutdeild í heildarskatttekjum samfélagsins. Ýmsar atvinnugreinar, s.s. ferðaþjónusta, skapa tekjur í heimabyggð en kalla einnig á aukin útgjöld, bæði við ferðamannastaði og við ýmsa innviði samfélagsins. Því beinir fundurinn því til stjórnvalda og Sambands íslenskra sveitarfélaga að flýta vinnu við það hvernig styrkja megi almennan tekjugrundvöll sveitarfélaga svo þau geti sinnt lögbundnu þjónustuhlutverki sínu á sómasamlegan hátt. Þá njóti sveitarfélög tekna af nýtingu náttúruauðlinda, meðal annars með hlutdeild í veiðigjöldum og skatttekjum af orkuframleiðslu og dreifingu raforku.

Stjórnsýsluleg staða landshlutasamtaka sveitarfélaganna

Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 7. og 8. október 2016 ítrekar þá afstöðu sína að stjórnsýsluleg staða landshlutasamtaka sveitarfélaga verði skýrð með afgerandi hætti. Ljóst er auknum verkefnum sem landshlutasamtökunum hefur verið falið fylgir mikil ábyrgð og því er nauðsynlegt að þessi staða sé skýr.

Byggðartenging skattkerfisins

Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 7. og 8. október 2016 hvetur ríkisvaldið til að fram fari vinna við að aðlagða byggðarsjónarmið að skattkerfinu til að styrkja hinar dreifðu byggðir. Horft verði til slíks fyrirkomulags erlendis ásamt því taka tillit til fjarlægða og þjónustustigs byggðanna.

Helstu áherslur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi milli aðalfunda

Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði dagana 7.-8. október samþykkir að eftirfarandi sex atriði verði áherslumál sambandsins á komandi ári.

- Áframhaldandi uppbygging og nýting Egilsstaðaflugvallar m.a. fyrir millilandaflug.
- Áframhaldandi uppbygging og styrking Umdæmissjúkrahúss Austurlands í Fjarðabyggð, heilsgæslunnar og annarra sjúkrastofnanna í landshlutanum.
- Sameiginlegar og öflugar almenningssamgöngur í landshlutanum sem styrktar verði til framtíðar. Þar með talið innanlandsflug.
- Háhraðatengingar um allt Austurland með aukinni aðkomu ríkisvaldsins.
- Efling fjarnáms í samstarfi við framhaldsskólana í landshlutanum og uppbygging háskólanáms og rannsóknarstarfs án tafar.
- Lokið verði við án tafar að leggja bundið slitlag á þá hluta vegakerfis landshlutans þar sem enn eru malarvegir og snúa að tengingu byggðarlaga og er Borgarfjarðarvegur þar í forgrunni nú þegar það liggur fyrir að Berufjarðarbotn mun klárast sem fyrst.

Til máls tóku:

Einar Már Sigurðarson og lagði fram breytingartillögu í sínu nafni og Stefáns Boga Sveinssonar:

„Þá njóti sveitarfélög tekna af nýtingu náttúruauðlinda, meðal annars með hlutdeild í veiðigjöldum og skatttekjum af orkuframleiðslu og dreifingar raforku.“

Þórður Mar Þorsteinsson
Jens Garðar Helgason
Stefán Bogi Sveinsson
Jón Björn Hákonarson
Vilhjálmur Jónsson
Elfa Hlín Pétursdóttir
Arnbjörg Sveinsdóttir
Stefán Bogi Sveinsson

Gunnar Jónsson sem leggur fram breytingartillögu að ályktun um Eflingu heilbrigðisþjónustu ljúki á málsgreininni sem lýkur þannig: „...þegar framlög til heilbrigðismála eru ákveðin“.

Sigrún Blöndal
Jens Garðar Helgason
Þórður Mar Þorsteinsson
Jón Björn Hákonarson

Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs.

Breytingartillaga Einars Más Sigurðarsonar og Stefáns Boga Sveinssonar borin upp.
Samþykkt samhljóða.

Breytingartillaga Gunnars Jónssonar borin upp.
Tillagan var felld.

Fundarstjóri bar þá upp ályktanir frá allsherjar- og samstarfsnefnd.
Samþykkt samhljóða.

Mennta- og menningarmálanefnd
Gauti Jóhannesson kynnti tillögur mennta- og menningarmálanefndar, þingskjal 26.

Menningarmiðstöðvar

Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 7. og 8. október 2016 ítrekar mikilvægi þess að tryggja að auknu fjármagni verði veitt til menningarmiðstöðva á Austurlandi, lykilstofnana í austfirsku menningarlífi. Óviðunandi er að fjársveldi standi starfi þeirra og framþróun fyrir þrifum.

Varðveisla menningarminja

Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 7. og 8. október 2016 hvetur ríki og sveitarfélög til þess að huga betur

að menningarverðmætum í héraði og reyna að tryggja sem best að mikilvægum menningarminjum verði ekki raskað. Menningartengd ferðaþjónusta er mjög vaxandi í landshlutanum, fornleifaskráning og varðveisla menningarminja, svo sem endurgerð og vernd gamalla húsa og nausta, eru mjög þýðingarmiklir þættir í uppbyggingu þessarar vaxandi atvinnugreinar. Mörg tækifæri felast í nýjum lögum um verndarsvæði í byggð, brýnt er að tryggt verði nægt fjármagn til þessa málaflokks.

Starfsemi RÚV á Austurlandi

Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 7. og 8. október 2016 skorar á RÚV ohf. að tryggja öfluga fréttamiðlun frá Austurlandi. Þrátt fyrir yfirlýsingar um eflingu þjónustu á Austurlandi, hefur raunin orðið önnur. Á yfirstandandi ári var fréttamiðlun af svæðinu sinnt frá Akureyri um þriggja mánaða skeið, slíkt er óviðunandi. Styrkja þarf öfluga fréttþjónustu og dagskrárgerð í landshlutanum og bæta við fullu stöðugildi starfsmanns.

Menntamál

Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 7. og 8. október 2016 leggur áherslu á að fjölbreytt og góð menntun standi nemendum til boða á öllum skólastigum á Austurlandi. Mikilvægt er að gæði og metnaðurséu höfð að leiðarljósi í öllu skólastarfi og að ríki og sveitarfélög móti sér sameiginlega sýn í málaflokknum. Þannig hafa grunnskólar á Austurlandi t.a.m. sameinast um verkefnið „Bættur námsárangur“. Fundurinn ítrekar áskorun sína til mennta- og menningarmálaráðuneytis að unnin verði aðgerðaáætlun í menntamálum í framhaldi af útgáfu Hvítbókar ráðherra í nánú samstarfi við sveitarfélögin enda ljóst að ýmissa breytinga er að vænta í málaflokknum sem munu snerta sveitarfélögin verulega.

Menntun á framhaldsskólastigi

Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 7. og 8. október 2016 hvetur stjórnvöld til að tryggja nægjanlegt fjármagn til reksturs framhaldsskóla á Austurlandi. Sérstaklega er brýnt að ljúka við endurmat verknáms og að til hliðsjónar verði haft þjóðhagslegt mikilvægi þess. Mikilvægt er að á Austurlandi bjóðist fjölbreytt nám sem stenst samanburð við það besta sem gerist. Þá er ekki síður mikilvægt að á Austurlandi sé boðið upp á nám sem tengist þeim fjölbreyttu möguleikum sem svæðið býður upp á. Brýnt er að fundin verði lausn á stöðu þeirra nemenda sem stunda nám á framhaldsstigi í tónlist á landsbyggðinni. Fundurinn hvetur til áframhaldandi aukins samstarfs milli framhaldsskóla á Austurlandi og milli framhaldsskóla og framhaldsfræðslu með það að markmiði meðal annars að auka námsframboð. Fundurinn hvetur

skólastjórnendur jafnframt til að standa að öflugri kynningu, innan og utan landshlutans, á því ágæta starfi sem fer fram í austfirskum framhaldsskólum.

Háskólamenntun og rannsóknir

Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 7. og 8. október 2016 ítrekar fyrri ályktanir um að verulega hallar á Austurland í háskóla- og rannsóknastarfsemi á vegum ríkisins. Þetta er algjörlega óviðunandi og fundurinn krefst þess að aðstaða Austurlands verði sambærileg við það sem gerist í öðrum landshlutum. Fjarlægðir milli byggðakjarna og erfiðar samgöngur kalla á dreifða þjónustu. Hlutfall háskólamenntaðra á Austurlandi er töluvert undir landsmeðaltali. Það er því ekkert sem rökstyður að Austurland þurfi minna fé til þessara mála en aðrir landshlutar heldur þvert á móti. Skorað er á stjórnvöld að auka hlut Austurlands í háskóla- og rannsóknastarfsemi á vegum hins opinbera t.d. með því að fjölga opinberum rannsóknatengdum störfum á svæðinu.

Fjarnám á háskólastigi

Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 7. og 8. október 2016 skorar á háskólastigið að móta sér skýrari stefnu varðandi fjarnám og fjölga þeim námsleiðum sem í boði eru. Skipulagi þess verði þannig háttað að það sé raunhæfur kostur fyrir nemendur. Nemendur nýta sér í síauknum mæli möguleika til að stunda fjarnám í heimabyggð og fundurinn skorar því á ríkisvaldið að veita auknum fjármunum í aðstöðu og stuðning við þessa nemendur til að auðvelda þeim að sækja nám hér á landi og erlendis.

Framhaldsfræðsla

Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 7. og 8. október 2016 skorar á stjórnvöld að auka möguleika fólks á vinnumarkaði til að sækja sér endurmenntun heima í héraði. Nauðsynlegt er að þær stofnanir sem til staðar eru í landshlutanum séu nýttar og styrktar til eflingar þessa skólastigs.

Lýðháskóli

Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 7. og 8. október 2016 skorar á mennta- og menningarmálaráðherra að flýta vinnu við gerð frumvarps til almennrar löggjafar um lýðháskóla á Íslandi í samræmi við samþykktu þingsályktun Alþingis frá 2. júní 2016. Markmið löggjafarinnar verði eins og segir í tillögunni að gera lýðháskóla að viðurkenndum valkosti í menntun sem njóti lagalegrar umgjarðar og stuðnings hins opinbera til jafns við annað framhaldsnám. Á Seyðisfirði starfar lýðháskóli á listasviði, LungA skólinn sem hóf starfsemi árið 2014 og er eini lýðháskóli landsins. Nauðsynlegt er að tryggja lagalega og fjárhagslega umgjörð starfseminnar og er skólinn tilbúinn að leggja sitt af mörkum svo að það megi verða í samvinnu við Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Verk- og starfsnám á Austurlandi

Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 7. og 8. október 2016 lýsir yfir vilja til að leita eftir samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Mennta- og menningarmálaráðuneytið, um að Austurland verði tilraunaverkefni í uppbyggingu í verk- og starfsnámi. Samstarfi verði komið á í gegnum Austurbrú, Verkmenntaskóla Austurlands, Menntaskólann á Egilsstöðum og Handverks- og hússtjórnarskólann á Hallormsstað. Tilgangur verkefnisins er að standa vörð um og auka fagmenntun í verk- og starfsnámi, sem og koma á auknu framboði á lögbundnum styttri námsbrautum í starfsnámi. Nám sem hægt er að aðlagga að einstaklingnum sjálfum í tengslum við atvinnulíf og innviði Austurlands.

Efling þekkingarsamfélagsins á Austurlandi

Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 7. og 8. október 2016 tekur undir tillögur starfshóps um eflingu þekkingarsamfélagsins á Austurlandi og beinir því til stjórnar SSA að vinna að framgangi þeirra.

Tillögurnar eru eftirfarandi:

a. Fjármagn.

Starfshópurinn leggur til að ráðinn verði erindreki til að sinna því verkefni að tryggja fjármagn frá ríkisvaldinu til að efla þekkingarsamfélagið á Austurlandi.

b. Stofnað verði sjálfstætt háskólasetur

Háskólasetrið sinni skipulögðu rannsóknastarfi og kennslu. Setrið höfði til erlendra nemenda ásamt því að sinna markvissu starfi í að fá nemendur á Austurlandi til að stunda rannsóknir sínar og nám við setrið.

c. Starfsnámsbrautir

Starfsnámsbrautum á framhaldsskólastigi tengdar atvinnulífinu, jafnvel með vinnu, verði komið á fót. Slíkt nám getur síðan þróast í diplómunám. Í samstarfi við atvinnulífið þarf að gera tilraunir með breytingar á hefðbundnu iðnnámi.

Til máls tóku:

Stefán Bogi Sveinsson

Sigrún Blöndal. Lagði fram breytingartillögu að bæta inn í tillögu um Verk- og starfsnám á Austurlandi orðunum: „Menntaskólanum á Egilsstöðum og Handverks- og hússtjórnarskólanum á Hallormsstað“ þannig að setningin yrði: „Samstarfi verði komið á í gegnum Austurbrú, Verkmenntaskóla Austurlands, Menntaskólann á Egilsstöðum og Handverks- og hússtjórnarskólann á Hallormsstað.“

Jens Garðar Helgason

Einar Már Sigurðarson. Lagði fram í eigin nafni og Sigrúnar Blöndal breytingartillögu á breytingartillögu Sigrúnar Blöndal þannig að orðalagjið verði:

„Samstarfi verði komið á í gegnum Austurbrú og framhaldsskólana á Austurlandi.“

Anna Alexandersdóttir

Arnbjörg Sveinsdóttir. Lagði fram breytingartillögu á breytingartillögu Einars Más og Sigrúnar þannig að nöfnum menntastofnanna verði aftur bætt inn í tillöguna:

„Samstarfi verði komið á í gegnum Austurbrú, Verkmenntaskóla Austurlands, Menntaskólann á Egilsstöðum og Handverks- og hússtjórnarskólann á Hallormsstað.“

Gauti Jóhannesson
Eydis Ásbjörnsdóttir

Breytingartillaga Arnbjargar á breytingartillögu Sigrúnar og Einars Más borin upp. Samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri bar þá upp ályktanir frá mennta- og menningarnefnd.
Samþykkt samhljóða.

Umhverfis- og samgöngunefnd

Einar Már Sigurðsson kynnti tillögur umhverfis- og samgöngunefndar, þingskjal nr. 27.

Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 7. og 8. október 2016 vekur athygli á því að engar nýframkvæmdir hafa átt sér stað á Austurlandi á síðustu tveimur árum og viðhald vega verið í algjöru lágmarki. Fundurinn skorar á Alþingi að stóruka fé til framkvæmda í samgöngumálum, þannig að stefnt verði að því að hlutfall fjárveitinga til málaflokksins verði að lágmarki 2% af vergri landsframleiðslu. Enginn einn málaflokkur er jafn þýðingarmikill fyrir landshlutann, hvort heldur er með tilliti til byggðapróunar, atvinnamála, þ.m.t. ferðapjónusta, heilbrigðisþjónustu eða samkeppnisstöðu. Ljúka þarf þegar í stað gerð samgönguáætlana og tryggja að við þær verði staðið.

Jarðgangagerð

Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 7. og 8. október ítrekar mikilvægi þess að tengja byggðir á Austurlandi með samgöngum til þess að rjúfa vetrareinangrun og efla framtíðarmöguleika svæðisins sem eins atvinnu- og þjónustusvæðis. Tryggja verður á fjárlögum næsta árs fjármagn til jarðganga undir Fjarðarheiði á milli Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðar, sem er forgangsverkefni í jarðgangnagerð á Austurlandi, enda aðstæður íbúa á Seyðisfirði slíkar á veturnum að ekki verður við það unað lengur. Þá þarf að ráðast í rannsóknir á öðrum gangakostum, á milli Norðfjarðar og Seyðisfjarðar um Mjóafjörð. Lögð er áhersla á að við gerð og uppsetningu samgönguáætlunar og gerð fjárlaga verði jarðgangagerð og rannsóknir vegna þeirra fjármögnuð með sérstökum hætti þannig að aðrar mikilvægar framkvæmdir í samgöngumálum landshlutans dragist ekki sökum fjárskorts. Í framhaldinu verði næstu verkefni í jarðgangagerð á Austurlandi göng til þess að tengja annars vegar Borgarfjörð og hins vegar Vopnafjörð við miðsvæðið.

Þjónusta, nýframkvæmdir og viðhald

Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 7. og 8. október telur lyklatríði að faglegt mat og almennar reglur Vegagerðarinnar eigi að gilda um val á legu þjóðveggar 1. Brýnt er að samgönguuyfirvöld taki afstöðu til þessa vals hið fyrsta. Það sem skiptir hins vegar höfuðmáli er að vetrarþjónusta á öllum vegum landshlutans sé viðunandi og geri íbúum og gestum kleift að sinna atvinnu, menntun og öðrum erindum innan svæðis án vandkvæða og með sem minnstri fyrirhöfn. Þá verður að tryggja sem best aðgengi, og þar með öryggi allra íbúa á svæðinu, við fjórðungssjúkrahúsið og Egilsstaðaflogvöll.

Þá er ekki síður mikilvægt að staðið verði við þær nýframkvæmdir í landshlutanum sem undirbúnar hafa verið síðustu ár og áratugi og komnar voru á samgönguáætlun. Má þar nefna uppbyggingu heilsársvegar yfir Öxi sem er forgangsverkefni og lagningu slitlags og endurbyggingu vega. Á Austurlandi eru margir vegkaflir sem í dag eru stórhættulegir, má þar nefna vegi um Suðurfirði og Hamarsfjörð, sem og Breiðdal og Borgarfjörð eystra. Þá ber að flýta fyrirhuguðum framkvæmdum við lagningu slitlags fyrir botni Berufjarðar og um Skriðdal. Í ljósi aukins umferðarþunga, er það ábyrgðarhluti að gætt sé sérstaklega að umferðaröryggi, hvort heldur er við nýframkvæmdir eða viðhald samgöngumannvirkja. Malarvegir á borð við Upphéraðsveg um Fell og efri Jökuldal og veg um Jökulsárhlið og um Hellisheiði sem og Hlíðarveg eru óboðlegir. Sömuleiðis verður að setja byggingu nýrrar brúar yfir Lagarfliót við Egilsstaði í forgang framkvæmda við brúargerð á landinu og ráðast í átak til að fækka einbreiðum brúm í landshlutanum. Tryggja verður öryggi á vegaköflum inn og út úr landshlutanum, t.a.m. á milli Vopnafjarðar og Þórshafnar og Djúpavogs og Hornafjarðar.

Almenningssamgöngur

Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 7. og 8. október 2016 lýsir yfir þungum áhyggjum af þeirri stöðu sem almenningssamgöngur á Austurlandi eru í. Lagaumhverfi þeirra tryggir ekki eða skýrir lagalegt umboð til aksturs og enn er beðið eftir sérstökum lögum um almenningssamgöngur. Þá hefur ekki tekist, þrátt fyrir umleitanir, að taka upp viðræður við Innanríkisráðuneytið um kostnað vegna þeirra málaferla sem sambandið stendur í vegna forsendubrests samningsins og ógnar fjárhagslegum grundvelli Sambands sveitarfélaga á Austurlandi.

Framtíðarfyrirkomulag SvAust

Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 7. og 8. október 2016 leggur til að sveitarfélögin á Austurland geri með sér sérstakan samning um almenningssamgöngur á Austurlandi, þ.e. samning varðandi umgjörð, verkefni og rekstur Strætisvagna Austurlands (SvAust). Stjórn SSA verði falið að hafa frumkvæði að gerð samningsins.



Austurland ljósleiðaravætt

Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 7. og 8. október 2016 ítrekar það sanngirnismál að allir íbúar landsins hvort sem þeir búa í þéttbýli eða dreifbýli eigi kost á ljósleiðaratengingu sem stenst nútímakröfur. Því miður hafa þeir fjármunir sem ætlaðir hafa verið til framkvæmda ekki verið í samræmi við þær áherslur, væntingar og markmið sem lýst var í skýrslu starfshóps um alþjónustu í fjarskiptum og útbreiðslu háhraða nettenginga á Íslandi. Tryggja verður nauðsynlegt fjármagn til framkvæmdanna og horfa til byggðasjónarmiða við forgangsröðun þeirra. Ekki er vænlegt til árangurs að etja sveitarfélögum saman við úthlutun fjármuna og áfram verður að horfa til þeirrar megin reglu að það sé hlutverk ríkisins að halda uppi grunnþjónustu í fjarskiptum.

Egilsstaðaflugvöllur – önnur fluggátt inn í landið

Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 7. og 8. október 2016 fagnar þeim mikilvægu áföngum sem náðust á síðastliðnu ári þegar komið var á markaðsþróunarsjóði og áfangastaðasjóði til stuðnings flugrekstraraðilum sem hyggja á flug til áfangastaða utan stór-Reykjavíkursvæðis. Hið opinbera verður að sýna í verki vilja sinn til að opnaðar verði aðrar fluggáttir inn í landið, með öflugum stuðningi. Á liðnu sumri var haldið uppi millilandaflugum á milli London og Egilsstaða og reynslan sýnir að Egilsstaðaflugvöllur stendur fyllilega undir slíkri starfsemi. Aukin flugumferð krefst þess að ríkisvaldið tryggi næganlegt fjármagn til uppbyggingar þannig að völlurinn standist kröfur um aukið þjónustustig og öryggi vegna hugsanlegra náttúruhamfara. Sérstaklega þarf að horfa til framkvæmda við flughlöð og aðstöðu fyrir útgerð þyrlusveitar Landhelgisgæslunnar. Jafna

verður aðstöðu flugrekstraraðila til kaupa á eldsneyti, hvar sem er á landinu. Áfram verði unnið af fullum þunga að markaðsetningu Egilsstaðaflugvallar af hálfu hagsmunaaðila, s.s. fyrirtækja í ferðaþjónustu, Isavia, ríkis og sveitarfélaga á Austurlandi.

Innanlandsflug

Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 7. og 8. október vekur athygli á mikilvægi innanlandsflugs fyrir landshlutann. Skilgreina verður innanlandsflug sem almenningssamgöngur þannig að flugfargjöld verði á viðráðanlegu verði og lækkuð um helming, svo íbúar landshlutanna geti nýtt sér þjónustuna. Verðlagning dagsins í dag er þess eðlis að hún stendur eðlilegum ferðalögum íbúa landshlutans og gesta fyrir þrífum og rýrir þar með búsetukosti Austurlands. Áfram er lögð áhersla á áætlunarflug til Vopnafjarðar með tengiflugi við Akureyri og mikilvægt er að veita áfram nægjanlegu fjármagni til viðhaldsframkvæmda á Vopnafjarðarflugvelli. Það var mikilvægur áfangi þegar náðist samkomulag á milli aðila í heimabyggð og ríkis um uppbyggingu Norðfjarðarflugvallar enda um öryggismál að ræða.

Leita verður lausna til framtíðar um staðsetningu Reykjavíkurflugvallar í Vatnsmýrinni sem taki mið af þeirri staðreynd að stór hluti landsmanna þarf að sækja nauðsynlega þjónustu til höfuðborgarinnar með flugsamgöngum, ekki síst heilbrigðisþjónustu. Huga verður að uppbyggingu samgöngumiðstöðvar við Reykjavíkurflugvöll til að tryggja samþættingu allra samgangna innanlands.

Hafnir

Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 7. og 8. október 2016 leggur áherslu á að haldið verði áfram að styrkja hafnarframkvæmdir í samræmi við 24. gr. hafnarlaga og tryggðar verði auknar fjárveitingar til Hafnabótasjóðs. Sérstök áhersla verði lögð á að treysta hlutverk ferjuhafnarinnar á Seyðisfirði sem landamæragátt að áfangastaðnum Austurlandi.

Umhverfismál

Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 7. og 8. október 2016 ítrekar nauðsyn þess að aðildarsveitarfélögin hugi að sameiginlegum áherslum í umhverfismálum; m.a. hvað varðar svæðisáætlun um meðferð úrgangs og friðlýsingu svæða sem til þess eru fallin. Brýnt er að ríkisvaldið leggi til mun meiri fjármuni til uppbyggingar á friðlýstum svæðum, þannig að sveitarfélög sjái sér í ríkara mæli hag í því að taka að sér umsjá og rekstur slíkra svæða. Samhliða friðlýsingu er mikilvægt að vinna verndar- og stjórnunaráætlanir fyrir slík svæði svo þau séu í stakk búin til að taka við auknum ferðamannastraumi og ágangi.

Árið 2013 var skipuð nefnd um endurskoðun reglugerðar um fráveitur og skólp, gert var ráð fyrir að hún lyki störfum fyrrihluta árs 2014 en enn hefur ekkert heyrst frá nefndinni. Brýnt er að þessari endurskoðun ljúki sem allra fyrst. Teknar verði upp viðræður við ríkið um leiðir til að ljúka innleiðingu tilskipunar um fráveitur með fullnægjandi hætti, svo sem með því að fella niður virðisaukaskatt af fráveituframkvæmdum sveitarfélaga.

Ofanflóðavarnir

Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 7. og 8. október ítrekar mikilvægi þess að ríkisvaldið heimili fjármögnun framkvæmda sem tengjast ofanflóðavörnum í samræmi við áætlanir Ofanflóðasjóðs og sveitarfélaga enda er fjármagn fyrir hendi í Ofanflóðasjóði. Sérstaklega er mikilvægt að haldið verði áfram með þá áfanga sem þegar eru á áætlun.

Sjókvíaeldi

Aðalfundur SSA á Seyðisfirði 7. - 8. október skorar á hið opinbera að leita allra leiða til að draga úr áhættu varðandi fiskeldi og stórefla eftirlit og rannsóknir. Marka verður skýra stefnu um fiskeldi þar sem ítrustu kröfum um öryggi er mætt og áhrif á umhverfið kortlögð. Þá er mikilvægt að tryggja sveitarfélögum skipulagsvaldið fyrir fiskeldi. Stjórn SSA er falið að efna til málþings um þetta mikilvæga mál.

Stjórn vatnamála

Árið 2011 voru sett lög nr. 36 um stjórn vatnamála. Vinna við innleiðingu laganna fór nokkuð vel af stað og var á áætlun fram til ársloka 2013. Landinu var skipt í fjögur vatnasvæði og störfuðu nefndir á landinu öllu með aðkomu margra stofnana á vegum ríkis og sveitarfélaga auk fulltrúa frá sveitarfélögum sjálfum.

Umhverfisstofnun hélt utan um vinnuna og fékk til þess fjármagn úr ríkissjóði. Skorað er á ríkisvaldið að taka aftur upp þráðinn með öflugum fjárframlögum þannig að unnt verði að hefja vinnu skv. samþykktum lögum og alþjóðasamningum með hagsmuni náttúrunnar og atvinnulífs að leiðarljósi.

Refa- og minkaveiðar

Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 7. og 8. október 2016 skorar á ríkisvaldið að leggja auknið fjármagn til sveitarfélaga vegna nauðsynlegra refa- og minkaveiða. Kostnaður vegna veiðanna leggst mjög misþungt á sveitarfélög og oft fellur mikill kostnaður á fámenn en landstór sveitarfélög. Mikilvægt er að samræma greiðslur til veiðimanna innan landshlutans. Fundurinn telur endurgreiðslur á virðisaukaskatti til sveitarfélaganna vegna veiðanna verði að koma til framkvæmda eigi síðar en um komandi áramót.

Til máls tóku:

Arnbjörg Sveinsdóttir
Einar Már Sigurðarson

Fundarstjóri bar þá upp ályktanir frá umhverfis- og samgöngunefnd.

Samþykkt samhljóða.

Kosningar

Gunnlaugur Stefánsson flutti tillögur kjörnefndar, þingskjal nr. 22.

Stjórn SSA 7 aðalmenn og 7 til vara:

Norðursvæði:

Sigrún Blöndal, Fljótsdalshérað-Stefán Bogi Sveinson, Fljótsdalshérað
Gunnar Jónsson, Fljótsdalshérað-Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Fljótsdalshreppi (flakkari)
Margrét Guðjónsdóttir, Seyðisfjörður-Jakob Sigurðsson, Borgarfjarðarhreppi
Stefán Grímur Rafnsson, Vopnafjarðarhreppi-Eyjólfur Sigurðsson, Vopnafjarðarhreppi

Suðursvæði:

Hákon Hansson, Breiðdalshreppi-Svandís Ingólfssdóttir, Breiðdalshreppi
Andrés Skúlason, Djúpavogshreppi-Sóley Dögg Birgisdóttir, Djúpavogshreppi
Jón Björn Hákonarson, Fjarðabyggð-Eydís Ásbjörnsdóttir, Fjarðabyggð

Skoðunarmenn reikninga, 2 aðalmenn og 2 til vara

Aðalmenn:

Þórunn Hálfánardóttir
Gunnlaugur Guðjónsson

Til vara:

Ólafía Stefánsdóttir
Ómar Bogason

Endurskoðunarfyritæki
Deloitte út árið 2016.

Í ljósi samþykktar tillögu fjárhagsnefndar um útboð á endurskoðendapjónustu samþykkir fundurinn að fela stjórn SSA að ganga í slíkt útboð og það fyrirtæki sem samið verður við að því loknu mun gegna endurskoðun fyrir SSA á ári komanda.

Stjórn Houst:

Ekki er um ræða neinar breytingar á stjórn HAUST af starfsvæði SSA en sveitarfélagið Hornafjörður hefur tilkynnt um eftirfarandi breytingar sem hér eru lagðar fram til kynningar:

Aðalmaður Gunnhildur Imsland B. í stað Lovísu Rósu Bjarnadóttur.

Varamaður Hjördís Skírnisdóttir E.

2. Varamaður Lovísa Rósa Bjarnadóttir D.

Tillaga vegna kosningar aðalmanna í stjórn Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands:

Lagt er til í ljósi samþykktar sveitarfélaganna á starfsvæði SSA, sem eru eigendur sjóðsins, frá því í desember 2014 þar sem ákveðið var að tvöfalt árgjald sveitarfélaganna árin 2016, 2017, 2018, rynni óskipt til annars vegar markaðssetningar Egilsstaðarflugvallar og hins vegar til fjárhagslegar endurskipulagningar Austurbrúar að stjórn SSA sé falin stjórn sjóðsins. Þá um leið eru stjórnarmenn í sjóðnum leystir frá störfum sínum fyrir hann. Kosið verður aftur í stjórn sjóðsins á aðalfundi SSA 2018 ef aðrar ákvarðanir hafa ekki verið teknar um framtíð hans á þeim vettvangi.

Samgöngunefnd SSA:

Borgarfjörður eystri:

Jakob Sigurðsson

Til vara: Helgi Hlynur Ásgrímsson

Breiðdalshreppur:

Gunnlaugur Stefánsson

Til vara: Arnaldur Sigurðsson

Djúpivogur:

Þorbjörg Sandholt

Til vara: Kári Valtingoer

Fjarðabyggð:

Einar Már Sigurðarson

Til vara: Pálína Margeirsdóttir

Fljótsdalshérað:

Anna Alexandersdóttir

Til vara: Gunnar Jónsson

Fljótsdalshreppur:

Lárus Heiðarsson

Til vara: Gunnþórunn Ingólfssdóttir

Seyðisfjörður:

Vilhjálmur Jónsson

Til vara: Elfa Hlín Pétursdóttir

Vopnafjörður:

Eyjólfur Sigurðsson

Til vara: Sigríður Elva Konráðsdóttir

Tillaga um stjórnarkjör samþykkt með lófaklappi.

Tillaga um endurskoðendur, varaendurskoðendur og endurskoðunarfyritæki samþykkt með lófaklappi.

Tillaga um atvinnuþróunarsjóð borin upp.

Samþykkt samhljóða.

12. Fundarslit

Hákon Hansson kvaddi sér hljóðs og þakkaði Seyðisfjarðarkaupstað fyrir góðar móttökur og fund og bauð Breiðdalsvík sem vettvang aðalfundar SSA að ári. Boðið þakkað með lófaklappi.

Sigrún Blöndal þakkaði fundarmönnum fyrir skemmtilega samveru. Hún þakkaði Vilhjálmi Jónssyni og bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar góðar móttökur og skipulag, fundarstjórum og fundarriturum fyrir vel unnin störf og þáði að lokum boð Breiðdælinga um að aðalfundur SSA yrði haldinn þar að ári.

Fundi slitið kl. 12.39.

Samþykkt að fundarritarar og fundarstjórar gangi sameiginlega frá fundargerð.

Fundarstjórar:

Lárus Bjarnason

Hildur Þórisdóttir

Fundarritarar:

Eva Björk Jónudóttir

Margrét Vera Knútsdóttir





**Samband sveitarfélaga
á Austurlandi**

Ársreikningur

2016

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi

Við höfum kannað meðfylgjandi ársreikning Sambands sveitarfélaga á Austurlandi fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um ársreikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á ársreikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu, efnahag þess 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

Ábending

Án þess að gera fyrirvara við ofangreint álit okkar vekjum við athygli á skýringu nr. 6 í ársreikningnum, en þar er gerð grein fyrir skaðabótakröfu vegna lögbanns, en óvissa ríkir um endanlega niðurstöðu málsins.

Egilsstaðir, 20. júní 2017

Deloitte ehf.


Sigurður Alfgeir Sigurðarson
endurskoðandi

Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Ársreikningur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi fyrir árið 2016 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra Sambands sveitarfélaga á Austurlandi að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sambandsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri Sambands sveitarfélaga á Austurlandi staðfesta hér með ársreikning sambandsins fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Egilsstaðir, 20 júní 2017

Í stjórn




Stefón Grímur Rafnsson


Hákon Hansson
Framkvæmdastjóri


Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn höfum yfirfarið meðfylgjandi ársreikning Sambands sveitarfélaga á Austurlandi fyrir árið 2016. Við höfum ritað stjórn SSA erindi með örfáum ábendingum um það sem betur mætti fara. Við leggjum til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Egilsstöðum, 20 júní 2017


Gunnlaugur Guðjónsson


Þórunn Hálfðanardóttir

Rekstrarreikningur 2016

	Skýr	2016	Áætlun 2016	2015
TEKJUR				
Framlög sveitarfélaga.....	8	23.694.282	23.694.285	22.731.282
Framlög ríkis og jöfnunarsjóðs.....	9	170.850.783	169.309.789	124.329.072
Aðrar tekjur og framlög.....	10	71.614.702	65.646.493	52.622.665
		<u>266.159.767</u>	<u>258.650.567</u>	<u>199.683.019</u>
REKSTRARKOSTNAÐUR				
Verkefnastjórn, nefndarlaun.....	11	19.746.262	19.484.938	17.137.399
Annar stjórnunarkostnaður.....	12	9.205.645	7.410.000	7.159.699
Funda- og ferðakostnaður.....	13	8.559.798	7.650.000	6.130.827
Sérverkefni, beinn kostnaður.....	14	218.046.252	224.474.349	155.220.042
		<u>255.557.957</u>	<u>259.019.287</u>	<u>185.647.967</u>
Afkoma fyrir vexti		10.601.810	-368.720	14.035.052
FJÁRMUNATEKJUR OG (FJÁRMAGNSGJÖLD)				
Vaxtatekjur.....		1.981.230	500.000	928.741
Vaxtagjöld.....		-5.518	0	-39.550
		<u>1.975.712</u>	<u>500.000</u>	<u>889.191</u>
Afkoma af reglulegri starfsemi		12.577.522	131.280	14.924.243
AÐRIR REKSTRARLIDIR				
(Hækkun) lífeyrisskuldbindingar.....		-6.346.462	-5.644.198	-5.644.198
		<u>-6.346.462</u>	<u>-5.644.198</u>	<u>-5.644.198</u>
Rekstrarafkoma á árinu		<u><u>6.231.060</u></u>	<u><u>-5.512.918</u></u>	<u><u>9.280.045</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

	Skýr	2016	2015
PENINGALEGAR EIGNIR			
Veltufjármunir			
Eignarhlutur í SV Aust ehf.....		665.000	0
Krafa vegna lögbanns.....	6	7.000.000	7.000.000
Skammtímakröfur.....	3	13.516.375	18.519.514
Handbært fé.....	3	95.983.289	81.852.951
		<u>117.164.664</u>	<u>107.372.465</u>
SKULDIR			
Skammtímaskuldir			
Ógreiddur rekstrarkostnaður.....		-27.359.992	-18.750.315
Ógreitt vegna Uppbyggingarsjóðs.....		-9.150.000	-20.545.000
		<u>-36.509.992</u>	<u>-39.295.315</u>
	Peningaleg staða án lífeyrisskuldbindinga	80.654.672	68.077.150
SKULDBINDINGAR:			
Lífeyrisskuldbindingar.....	5	-76.103.418	-69.756.956
		<u>-76.103.418</u>	<u>-69.756.956</u>
	Peningaleg staða samtals	<u>4.551.254</u>	<u>-1.679.806</u>
ADRIR LIÐIR			
Eiginfjárliðir (neikvæðir).....	4	-4.551.254	1.679.806
		<u>-4.551.254</u>	<u>1.679.806</u>

Yfirlit um sjóðstreymi 2016

	<u>2016</u>	<u>2015</u>
REKSTRARHREYFINGAR		
Afkoma af reglulegri starfsemi.....	12.577.522	14.924.243
Veltufé frá rekstri	12.577.522	14.924.243
Breytingar á skammtímalíðum		
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun.....	4.338.139	-6.246.155
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun.....	-2.785.323	32.373.228
Handbært fé frá rekstri	14.130.338	41.051.316
Hækkun handbærs fjár.....	14.130.338	41.051.316
Handbært fé í ársbyrjun.....	81.852.951	40.801.635
Handbært fé í lok ársins	<u>95.983.289</u>	<u>81.852.951</u>

Skýringar

1. Starfsemi

Samband sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) eru ein af átta landshlutasamtökum sveitarfélaga á Íslandi og starfa á grundvelli laga nr. 45/1998 um sveitarfélög. Starfssvæði SSA nær frá Vopnafjarðarhreppi í norðri til Djúpavogshrepps í suðri.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur SSA fyrir árið 2016 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn er byggður á kostnaðarverðisreikningsskilum, gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður og í íslenskum krónum.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 er sýnd til samanburðar í sundurliðunum með ársreikningnum, svo og í rekstrarreikningi.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Skattamál

Stofnunin er undanþegin tekjuskatti.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði. Ekki er talin ástæða til sérstakrar niðurfærslu krafanna.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að stofnunin verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð þeirra með áreiðanlegum hætti.

3. Aðrar peningalegar eignir

	31.12.2016	31.12.2015
Skammtímakröfur		
Viðskiptakröfur	642.209	5.154.026
Virðisaukaskattur	174.166	665.488
Óinnheimt framlög vegna sóknaráætlunar	12.700.000	12.700.000
	<u>13.516.375</u>	<u>18.519.514</u>
Handbært fé		
Vaxtareikningur Landsbanka Íslands	30.693.334	25.448.135
Veltureikningar	65.289.955	56.404.816
	<u>95.983.289</u>	<u>81.852.951</u>

Skýringar

4. Eigið fé

Eigið fé greinist þannig:

	2016	2015
Eigið fé frá fyrra ári.....	-1.679.806	-10.959.851
Afkoma ársins.....	6.231.060	9.280.045
	<u>4.551.254</u>	<u>-1.679.806</u>

5. Lífeyrisskuldbindingar

Á SSA hvílir skuldbinding vegna lífeyrisgreiðslna til fyrrverandi starfsmanna. Gerð hefur verið tryggingafræðileg úttekt á skuldbindingunni. Samkvæmt þeim útreikningi tryggingasérfræðings nemur hún 76,1 m.kr. króna í árslok 2016, og hefur hækkað um 6,3 m.kr. á árinu. Skuldbindingin er færð í ársreikninginn og hækkun hennar gjaldfærð meðal annarra rekstrarliða í rekstrarreikningi. Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga á árinu 2016 námu kr. 4.725.188, en kr. 3.150.613 á fyrra ári.

6. Skaðabótakrafa vegna lögbanns

18. júlí 2012 fór SSA fram á lögbann vegna reglubundinna fólksflutninga Sternu á leiðinni milli Hafnar og Egilsstaða, þar sem SSA taldi sig hafa sérleyfi á þessari leið. Lögbanninu var hnekkkt með dómi héraðsdóms 6. maí 2013. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar og úrskurðaði hann þann 28. nóvember 2013 Sternu í vil. Sterna hefur höfðað skaðabótamál gegn SSA, krafist var skaðabóta upp á ríflega 475 millj. SSA hefur stefnt Vegagerðinni inn í málið. Dómskvaddur matsmaður skilaði niðurstöðu sinni nú í febrúar 2016 og var hún hærri en bótakrafa stefnenda. Sterna framhaldsstefndi og hækkaði kröfur sínar. Dómkrafan er nú 589 milljónir króna. Gerð hefur verið krafa um að matsmanni verði gert að endurskoða og endurmeta matsgerð sína. Í mars 2017 voru skipaðir yfirmatsmenn, til að svara spurningum sem gagnadili setti fram í matsgerð á sínum tíma, og undirmatsmaður, til að svara nýjum spurningum SSA. Viðbúið er að þeir ljúki störfum vorið 2017 og er því mögulegt að málið verði flutt í héraði í lok árs 2017. Óvissa er um hvenær þessum málaferlum ljúki og einnig ríkir óvissa um endanlega niðurstöðu þessa máls, en þær 7 milljónir sem SSA greiddi sem tryggingu fyrir hugsanlegu tjóni Sternu eru enn færðar meðal eigna í ársreikningi SSA og ekkert hefur verið fært til gjalda til að mæta hugsanlegu tjóni. Falli dómur Sternu í vil má ljóst vera að veruleg óvissa mun ríkja um rekstrarhæfi Sambands sveitarfélaga á Austurlandi.

Skýringar

7. Sérgreindar tekjur og gjöld

	Skýr	Almennur rekstur	Sóknaráætlun	Almennings- samgöngur	Svæðis- skipulag	Samtals
Rekstrartekjur	8-10	38.329.507	157.319.207	65.599.855	4.911.198	266.159.767
Samtals		<u>38.329.507</u>	<u>157.319.207</u>	<u>65.599.855</u>	<u>4.911.198</u>	<u>266.159.767</u>
Verkefnastjórn, nefndarlaun.....	11	-19.746.262	0	0	0	-19.746.262
Annar stjórnunarkostnaður	12	-9.205.645	0	0	0	-9.205.645
Funda- og ferðakostnaður	13	-8.559.798	0	0	0	-8.559.798
Sérverkefni, beinn kostnaður.....	14	-1.470.000	-155.661.419	-56.003.782	-4.911.051	-218.046.252
Samtals		<u>-38.981.705</u>	<u>-155.661.419</u>	<u>-56.003.782</u>	<u>-4.911.051</u>	<u>-255.557.957</u>
Fjármunatekjur		1.658.126	0	323.104		1.981.230
Fjármagnsgjöld.....		-1.702	0	-3.669	-147	-5.518
Samtals		<u>1.656.424</u>	<u>0</u>	<u>319.435</u>	<u>-147</u>	<u>1.975.712</u>
(Hækkun) lífeyrisskuldbindingar..		-6.346.462	0	0	0	-6.346.462
Rekstrarafkoma á árinu		<u><u>-5.342.236</u></u>	<u><u>1.657.788</u></u>	<u><u>9.915.508</u></u>	<u><u>0</u></u>	<u><u>6.231.060</u></u>

Sundurliðanir

	2016	Áætlun 2016	2015
8. Framlög Sveitarfélaga			
Framlög sveitarfélaga	10.994.282	10.994.285	10.031.282
Framlög sveitarfélaga v/sóknaráætlun.....	12.700.000	12.700.000	12.700.000
	<u>23.694.282</u>	<u>23.694.285</u>	<u>22.731.282</u>
9. Framlög ríkis og jöfnunarsjóðs			
Framlög ríkis vegna sóknaráætlunar	139.844.527	139.044.527	95.667.737
Framlög jöfnunarsjóðs (lögbundið framlag).....	27.536.994	26.796.000	25.192.073
Framlög jöfnunarsjóðs vegna sóknaráætlunar	3.469.262	3.469.262	3.469.262
	<u>170.850.783</u>	<u>169.309.789</u>	<u>124.329.072</u>
10 Aðrar tekjur og framlög			
Framlög v/ almenningsamgangna.....	65.599.855	65.646.493	52.622.665
Svæðisskipulag, tekjufært framlag.....	4.911.198	0	0
Endurgr. landshlutasamtök sveitafélaga.....	1.103.649	0	0
	<u>71.614.702</u>	<u>65.646.493</u>	<u>52.622.665</u>
11 Verkefnastjórn, nefndarlaun			
Verkefnastjórn sveitarstjórnarmála.....	12.697.650	13.839.747	12.627.506
Laun stjórnar, formanns og nefnda	5.835.409	4.812.088	3.701.056
Mótframlag til lífeyrissjóða.....	569.141	366.707	356.026
Starfsmannatryggingar og stéttarfélagsgjöld.....	8.958	5.244	5.091
Tryggingagjald.....	635.104	461.152	447.720
	<u>19.746.262</u>	<u>19.484.938</u>	<u>17.137.399</u>
12 Annar stjórnunarkostnaður			
Greitt vegna lífeyrisskuldbindinga.....	4.725.188	3.150.000	3.150.613
Þjónusta Austurbrúar og reikningsskil.....	1.612.808	1.600.000	1.517.852
Póstur, burðargjöld, sími.....	86.334	110.000	102.482
Endurskoðun.....	1.621.721	1.500.000	1.611.455
Heimasíða.....	45.226	30.000	41.732
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	97.600	110.000	86.800
Pappír, prentun og rittföng.....	112.344	100.000	36.718
Tímarit og fræðibækur.....	3.175	25.000	14.853
Gjaldfærð áhöld og tæki.....	239.176	0	0
Samningur við N4.....	386.000	400.000	360.000
Gjafir vegna afmæla o.fl.	0	50.000	81.012
Auglýsingar.....	258.879	250.000	143.106
Þjónustugjöld banka.....	17.194	15.000	13.076
Annað.....	0	70.000	0
	<u>9.205.645</u>	<u>7.410.000</u>	<u>7.159.699</u>

Sundurliðanir

	2016	Áætlun 2016	2015
13 Funda- og ferðakostnaður			
Aðalfundur.....	2.293.108	2.500.000	2.160.815
Stjórnarfundir.....	173.869	500.000	494.096
Dagpeningar.....	0	100.000	207.860
Akstur vegna nefndastarfs.....	2.518.670	2.700.000	1.683.044
Annar ferða- og fundakostnaður.....	2.164.236	1.500.000	1.284.787
Samstarf landshlutasamtaka.....	1.409.915	250.000	232.725
Ráðstefnur o.fl.....	0	100.000	67.500
	8.559.798	7.650.000	6.130.827
14 Sérverkefni, beinn kostnaður			
Miðstöð menningafræða og Breiðdalssetur.....	12.800.000	12.800.000	12.800.000
Viðbótarframlag Breiðdalssetur.....	10.000.000	10.000.000	0
Viðbótarframlag menningarmiðstöðvar.....	24.000.000	24.000.000	0
Menningarmiðstöðvar	10.800.000	10.800.000	10.800.000
Áhersluverkefni sóknaráætlunar.....	31.200.000	31.200.000	19.200.000
Verkefnastyrkir (Uppbyggingarsjóður Austurlands).....	55.500.000	55.500.000	58.000.000
Uppbyggingarsjóður umsýsla.....	7.000.000	7.000.000	7.000.000
Annar rekstur sóknaráætlunar	3.527.121	3.027.856	1.365.490
Nefndar og ferðakostnaður v/sóknaráætlunar.....	834.298	0	0
Rekstur almenningssamgangna.....	49.401.011	68.146.493	45.404.552
Almenningssamgöngur stjórnun og umsýsla.....	3.370.099	0	0
Almenningssamgöngur annar kostnaður.....	3.232.672	0	0
Rekstur svæðisskipulags.....	4.911.051	0	0
Héraðsskjalasafn.....	800.000	1.350.000	400.000
Ljósmyndasafn Austurlands.....	420.000	400.000	0
Menningarverðlaun SSA.....	250.000	250.000	250.000
	218.046.252	224.474.349	155.220.042

Heiðursgestir á aðalfundi SSA 2016

Í tilefni hálftrar aldar afmælis Sambands sveitarfélaga á Austurlandi ákvað stjórnin að bjóða tveimur fyrrum stjórnarmönnum sem heiðursgestum á aðalfundinn; karli og konu. Svo skemmtilega vill til að þau eru í sama stjórnarmálflokki og hafa bæði setið sem varaþingmenn fyrir Austurland. Þau eru fulltrúar atvinnugreina sem eru mikilvægar fyrir landshlutann og ásýnd hans, annars vegar landbúnað og hins vegar ferðaþjónustu. Heiðurgestirnir eru Vigdís Sveinbjörnsdóttir á Egilsstöðum og Jónas Hallgrímsson sem oftast er kenndur við Seyðisfjörð.

Vigdís Sveinbjörnsdóttir var önnur konan til að sitja í stjórn SSA, fyrst árið 1983 – 1984, þá kjörin fulltrúi í hreppsnefnd Egilsstaðahrepps og aftur 1998 – 2001 sem fulltrúi Austur-Héraðs. Vigdís sat í hreppsnefnd Egilsstaðahrepps, síðar Egilsstaðabæjar og Austur-Héraðs 1982 – 1986 og 1994 – 2002 auk þess að gegna varaþingmennsku fyrir Framsóknarflokkinn. Hún hefur verið fulltrúi á Búnaðarþingum og í stjórn Bændasamtaka Íslands auk þess að starfa að öðrum félagsmálum bænda. Hún rekur ásamt eiginmanni sínum, Gunnari Jónssyni, myndarlegt kúabú á Egilsstaðabýlinu sem er órjúfanlegur hluti af mynd Egilsstaða. Vigdís hefur staðað fyrir nýbreytni og framleiðslu á mjólkurafurðum, t.d. á fetaosti og jógúrt sem eru vinsælar og eftirsóttar vörur.

Jónas Hallgrímsson sat í stjórn SSA 1979 – 1981 og sem formaður Sambandsins 1980 – 1981. Hann sat í bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar frá 1990 - 1998, Jónas var varaþingmaður fyrir Framsóknarflokkinn á árunum 1987 – 2002 og sat þá oft á þingi. Auk þess sinnti hann öðrum störfum fyrir SSA, m.a. sem fulltrúi Íslands í Vestnorden-nefndinni, var fyrsti formaður samgöngu- og ferðamálanefndar sambandsins, í stjórn Ferðamálasamtaka Austurlands við stofnun þeirra og sinnti margvíslegum öðrum störfum tengdum ferðamálum á Austurlandi en hann er einn frumkvöðlanna sem hafa byggt þessa atvinnugrein upp. Á síðari árum er Jónas gjarnan kenndur við Norrænu en hann hefur verið framkvæmdastjóri Austfars, rekstrarfélags Norrænu um langt skeið.



Menningarverðlaun SSA 2016

Handhafi menningarverðlauna SSA árið 2016 er **Smári Geirsson** í Neskaupstað. Hann er framhaldsskólakennari, rithöfundur og starfaði árum saman á vettvangi sveitarstjórnarmála. Hann er sérstaklega tilnefndur til menningarverðlaunanna vegna síðustu bókar sinnar „Stórhvalaveiðar við Ísland til 1915“ sem gefin var út af Sögufélaginu á síðasta ári og var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna og viðurkenningar Hagbenkis.

Hann hefur skrifað margt á sviði sagnfræði, m.a. Iðnsögu Austurlands, Norðfjarðarsögu og síðast en ekki síst Samstarf á Austurlandi; Sögu Fjórðungspings Austfirðinga 1943-1964 og Sambands sveitarfélaga á Austurlandi 1966 – 2006.

Verðlaunahafinn hlaut riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu á nýársdag fyrir framlag sitt til sögu og framfara á Austurlandi enda hefur hann komið víða við á ferli sínum og haft mótandi áhrif á umhverfið með verkum sínum. Stjórn SSA óskar Smára Geirssyni til hamingju með verðlaunin og þakkar honum jafnframt fyrir störf hans í þágu sveitarfélaga og íbúa á Austurlandi.





